


Staða ungmennageirans:

Greining á rekstrarumhverfi
ungmennafélaga á Íslandi



LANDSSAMBAÐ
UNGMENNAFÉLAGA

The National Youth Council of Iceland

Febrúar 2021

Tinna Isebarn Sigurður Helgi Birgisson Rut Einarsdóttir
Heiða Vigdís Sigfúsdóttir Ólafur Daði Birgisson

Efnisyfirlit

Skammstafanir	1
Formáli	2
Útdráttur	5
Inngangur	6
1. Fræðilegur bakgrunnur	7
1.1. Ungmennafélag	7
1.2. Ungmennastarf	8
1.3. Ungmennastefna	10
2. Sögulegt samhengi	13
2.1. Æskulýðssamband Íslands (ÆSÍ)	13
2.2. Landssamband æskulýðsfélaga (LÆF)	15
2.3. Klofningur innan LÆF	16
2.4. Æskulýðsvettvangurinn (ÆV)	17
2.5. Landssamband ungmennafélaga (LUF)	18
3. Norrænn samanburður	21
3.1. Fjármögnun systurfélaga LUF	21
4. Aðferðafræði	22
4.1. Þátttakendur	22
4.2. Framkvæmd	23
5. Greining	24
5.1. Opinberar fjárveitingar	24
5.1.1. Fjárlög og ríkisreikningur	24
5.1.2. Úthlutanir Æskulýðssjóðs	29
5.2. Innra rekstrarumhverfi	32
5.2.1. Stjórnmalahreyfingar	32
5.2.2. Ungmennaráð	32
5.2.4. Alþjóðasamtök	33
5.2.3. Námsmannahreyfingar	34
5.2.5. Önnur ungmennafélög	35
5.3. Landsbyggðin	36
6. Niðurstöður og tillögur	37
6.1. Ójafnræði í fjárútlátum	38
6.2. Stefnulaust ungmennastarf	39
Lokaorð	41
Heimildaskrá	42



Skammstafanir

AFS	AFS á Íslandi
AUS	Alþjóðleg ungmennaskipti
BÍS	Bandalag íslenskra skáta
BÍSN	Bandalag íslenskra sérskólanema
CoE	Evrópuráðið (e. Council of Europe)
DUF	Dansk ungdoms fællesråd
ECYC	Evrópusamtök félagsmiðstöðva (e. European Confederation of Youth Clubs)
ESB	Evrópusambandið
FUJ	Félag ungra jafnréttissinna
IOGT	International Organisation of Good Templars
ÍSÍ	Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands
ÍUT	Íslenskir ungtemplarar
JB	Junior Branch
JCI	Junior Chamber International
KFUM-K	Kristilegt félag ungra manna og kvenna
LÍÆ	Landssamband íslenskra æskulýðsfélaga
LNU	Landsrádet for Norges barne- og ungdomsorganisasjoner
LSU	Sveriges ungdomsorganisationer
LUF	Landssamband ungmennafélaga
LÆF	Landssamband æskulýðsfélaga
NYC	National Youth Council
SBS	Samband bindindismanna í skólum
SHÍ	Stúdentaráð Háskóla Íslands
SÍF	Samband íslenskra framhaldsskólanema
SÍNE	Samband íslenskra námsmanna erlendis
SUB	Samtök ungra bænda
SUF	Samband ungra Framsóknarmanna
SUJ	Samband ungra jafnaðarmanna
SUS	Samband ungra Sjálfstæðismanna
SP	Sameinuðu þjóðirnar
UAK	Ungar athafnakonur
UE	Ungir Evrópusinnar
UMFÍ	Ungmennafélag Íslands
UNYA	United Nations Youth Associations
UJ	Ungir jafnaðarmenn
UNR	Ungmennadeild Norræna félagsins
UP	Ungir Píratar
URKÍ	Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands
UU	Ungir umhverfissinnar
UVG	Ung vinstri græn
YFJ	Evrópski ungmennavettvangurinn (e. European Youth Forum)
WAY	World Assembly of Youth
ÆSÍ	Æskulýðssamband Íslands
ÆF	Æskulýðsfylkingin
ÆV	Æskulýðsvettvangurinn



Formáli

Þrátt fyrir að þjóðin þjáist af samkomuþrá, fjöldi fólks sé að glíma við heilsufarsvandamál eða söknuð vegna heimsfaraldurs Covid-19, sem enn geisar um heimsbyggðina þegar þetta er skrifað, þá er fátt svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Faraldurinn hefur nefnilega meðal annars skapað það rými sem til þurfti, svo hægt væri að setjast niður og vinna verkefni sem setið höfðu á hakanum í gegnum árin. Eitt þeirra verkefna er þessi skýrsla.

Þessi skýrsla er unnin af Landssambandi ungmennafélaga (hér eftir LUF) sem er regnhlífisamtök fyrir félagasamtök ungs fólks á Íslandi og hefur það að aðalmarkmiði sínu að standa vörð um hagsmuni ungs fólks. Á sambandsþingi LUF árið 2017 kom fram tillaga frá þingfulltrúum þess efnis að stjórn ynni úttekt á fjárhagsstöðu aðildarfélaganna, enda ljóst að mörg aðildarfélaganna liðu bæði mannauðs- og fjárskort. Frá þeim tíma hefur sú úttekt verið á framkvæmdaáætlun stjórnar, en ekki komist í verk, einmitt sökum mannauðs- og fjárskorts. Samkvæmt samþykktum félagsins er markmið LUF m.a. að stuðla að umræðu og þekkingarsköpun um málefni ungs fólks. Það markmið er í raun forsendan fyrir tilgangi félagsins sem hagsmunafélag ungs fólks. Það er nánast ómögulegt að standa vörð um hagsmuni ungs fólks þegar staðreyndirnar liggja ekki fyrir. Því má þakka veirunni að vissu leyti fyrir að neyða LUF til að fresta orkufrekustu verkefnunum og nýta mannauðinn í þau verkefni sem hafa þurft að sitja á hakanum.

Ég flutti heim frá Noregi til þess að taka við stöðu framkvæmdastjóra félagsins árið 2015. Í Noregi varð ég vör við öflugna hagsmunabaráttu norskra systursamtaka LUF þar í landi sem heita „Landsrådet for Norges barne- og ungdomsorganisasjoner“ (LNU) og dáðist að starfi þeirra. Þegar ég tók við keflinu af Unnsteini Jóhannssyni, þáverandi framkvæmdastjóra, hafði ég ekki væntingar um að LUF (þá LÆF) á litla Íslandi yrði nokkurn tímann á sama kalíberi og LNU. Ég hafði þó LNU sem fyrirmynd og mér var ljóst að félögin hefðu sama tilgang innan alþjóðlegrar heildar. Mig óraði ekki fyrir því þá hve ungmennageirinn var klofinn á Íslandi, hve langt í land við ættum í stefnumótun og lagasetningu og þaðan af síður hversu ógagnsæ og tilviljunarkennd ríkisframlög til ungmennafélaga væru. Þá tala ég ekki um hversu torvelt það hefur reynst fyrir hagsmunaaðila innan geirans að sammælast um hvernig skilgreina eigi lykilhugtök ungmennastarfs.

Alltof oft á mínum fimm árum sem framkvæmdastjóri hef ég hugsað um þörfina fyrir þessa skýrslu; hversu mikið hún myndi auðvelda hagsmunabaráttu LUF og hve mikið úttekt sem þessi myndi geta nýst aðildarfélagunum. Mér finnst því viðeigandi að fagna fimm ára starfsafmælinu með langþráðri útgáfu hennar. Niðurstöður skýrslunnar komu mér ekki á óvart, en samhengi sögunnar hjálpaði mér sérstaklega að skilja betur hvers vegna staðan í dag er eins og hún er.



Saga LUF og forvera þess er hér skrásett í fyrsta sinn. Því ber að fagna þó svo að niðurstöðurnar séu dapurlegar. Ég óska mér auðvitað að staðan væri frekar sú að umfjöllunarefnið hér væri staða ungs fólks frekar en geirans. Ég bíð með örvæntingu eftir því að LUF geti farið að einbeita sér eingöngu að réttindamálum ungs fólks. Það mun því miður ekki gerast á minni vakt ef geirinn mun halda áfram að þróast á þeim snigilshraða sem saga félagsins ber með sér.

Án styrks úr Nýsköpunarsjóði námsmanna hefði þessi skýrsla ekki litið dagsins ljós í þeirri mynd sem hún er. Sjóðurinn gerði LUF kleift að ráða til sín starfsmann Ólaf Daða Birgisson sem sá um gagnaöflun sumarið 2020. Færum við honum okkar bestu þakkir fyrir gott samstarf. Það er svo auðvitað stjórnin, undir forystu Unu Hildardóttur, sem á heiðurinn allan, fyrir að halda markmiðinu á dagskrá og að setja skýrsluna í forgang. Á því ári sem Heidi Vigdís Sigfúsdóttir starfaði fyrir félagið erum við þakklát fyrir hve sterkur liðskraftur hún reyndist okkur. Rut Einaradóttir var síðan með okkur á lokasprettinum og bætti miklum og góðum svip á skýrsluna. Sigurður Helgi Birgisson hefur eiginlega verið ferðafélagi minn frá því að ég byrjaði. Öll sú óeigingjarna vinna sem hann lagði í félagið sem formaður og nú við vinnslu skýrslunnar sem starfsmaður hefur reynst félaginu ómetanleg. Síðast en ekki síst ber að þakka neðangreindum aðilum ýmist fyrir yfirlestur, aðstoð og stuðning við skýrsluna, en aðallega fyrir baráttuna og að hafa rutt veginn:

Kjartan Due Nielsen, síðasti formaður ÆSÍ og meðal stofnenda LÆF
Andrés Jónsson, fyrsti formaður LÆF 2004-2007
Höskuldur Sæmundsson, framkvæmdastjóri LÆF 2006-2008
Hjördís Jónsdóttir, formaður LÆF 2007-2008
Agnar Bragi Bragason, alþjóðafulltrúi/framkvæmdastjóri 2007-2008
Jón Þorsteinn Sigurðsson, formaður LÆF 2008-2009
Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, framkvæmdastjóri LÆF 2008-2010
Stefán Rafn Sigurbjörnsson, alþjóðafulltrúi LÆF 2011-2012
Unnur Hjálmarsdóttir, formaður LÆF 2009-2013
Sigurbjörg Birgisdóttir, framkvæmdastjóri LÆF 2011-2013
Sindri Snær Einarsson, vara-/formaður LÆF 2008-2014
Viktor Orri Valgarðsson, málefnastrjóri LÆF 2013-2014
Hreiðar Már Árnason, alþjóðafulltrúi/formaður LÆF 2014-2015
Unnsteinn Jóhannsson, framkvæmdastjóri LÆF 2012-2015
Inga Auðbjörg Straumland, formaður LÆF 2015-2016
Ásta Lovísa Arnórsdóttir, alþjóða-/jafnréttisfulltrúi LÆF 2015-2017
Sigurður Sigurðsson, formaður LÆF 2016-2017
Kolbrún Þorfinnsdóttir, gjaldkeri LÆF 2016-2017
Sara Sigurðardóttir, varaformaður LUF 2017-2018
Laufey María Jóhannsdóttir, alþjóðafulltrúi/varaformaður LUF 2017-2019
Páll Marís Pálsson, málefnafulltrúi LUF 2018-2019
Marinó Örn Ólafsson, gjaldkeri LUF 2017-2020



Þó mér finnst ég alltaf hljóma eins og biluð plata, þá þreytist ég ekki á að taka fram hve ómælda virðingu ég ber fyrir því unga fólki sem ver frítíma sínum í sjálfböðastörf sem miða að bættu samfélagi. Verðmæti ungmennastarfs verður aldrei metið til fjár og skilar sér alltaf margfalt til samfélagsins. Að vinna við að vernda og efla réttindi ungs fólks og stuðla að aukinni aðkomu þeirra að ákvarðanatöku og stefnumótun þykir mér forréttindi. Ég get ekki séð hvernig betur væri hægt að gera samfélaginu gagn.

Kæru félagsmenn, ég vona að skýrsla þessi muni koma að gagni.

Tinna Isebarn
Framkvæmdastjóri LUF

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á stöðu ungmennageirans á Íslandi með greiningu á rekstrarumhverfi ungmennafélaga. Lítið hefur verið rannsakað um ungmennafélög og málefni ungs fólks á Íslandi samanborið við önnur lönd. Rannsókn LUF frá 2012 benti til þess að íslenskt ungmennastarf sé fjársvelt og að lagaramminn og skilgreiningar málaflokksins séu óljósar og í ósamræmi við alþjóðlegar skilgreiningar. Til þess að ná settu markmiði var stuðst við blandað rannsóknarsnið eigindlegrar og megindlegrar gagnaöflunar. Lykilhugtök eru skilgreind og fjallað er um sögu ungmennageirans. Aðferðafræði rannsóknar er lýst og niðurstöður greina skiptingu ríkisfjár til málaflokksins og innra rekstrarumhverfi ungmennafélaga, flokkað eftir eðli starfsemi þeirra. Niðurstöðurnar gefa til kynna að lítið hafi breyst og að íslensk stjórnvöld sinni ekki lögbundnu hlutverki sínu sem felst í að tryggja aðgengi ungs fólks að fjölbreyttu ungmennastarfi.



Inngangur

„Brýn þörf er á heildstæðum lagabálk, faglega útbúnum skilgreiningum og skýrri stefnu í málaflokknum sem gerir greinarmun á starfi með börnum og ungmennum og styður við hvoru tveggja á fullnægjandi og sanngjarnan hátt“ kemur fram í samantekt Landssambands ungmennafélaga (LUF) frá árinu 2012 (Sindri o.fl., 2012). Krafa um endurskoðun á æskulýðslögum og að Ísland setji sér heildstæða stefnu í málefnum ungs fólks eru enn helstu baráttumál LUF, átta árum síðar. Íslenskur lagarammi hefur gert LUF erfitt fyrir að starfa í málaflokknum þar sem lögin gera ekki ráð fyrir hagsmunastarfi og því mikilvæga ungmennastarfi sem felst í réttindabaráttu, stuðla að samfélagsþátttöku og auka aðkomu ungs fólks að ákvarðanatöku (Framkvæmdaáætlun LUF, 2020-2021).

Frá upphafi hefur eitt helsta baráttumál LUF snúist um að ungmennafélög fái nægt fjármagn til þess að halda uppi þeirri starfsemi sem krafist er af þeim. Í áður nefndri samantekt LUF á fjárútlátum ríkisins til æskulýðsmála kemur fram að íslenskt ungmennastarf sé fjársvelt. Í ljós kom að lagarammi utan um málaflokkinn og skilgreiningar á lykilhugtökum innan hans hafi frá upphafi verið óljósar og í litlu samræmi við alþjóðlegar skilgreiningar. Í samantektinni lýstu LUF og aðildarfélögin yfir miklum áhyggjum og var þess krafist að stjórnvöld hyggðu verulega að stöðu ungs fólks í landinu, gættu að jafnræði við fjárstyrki, spornuðu við þróuninni og endurskoðuðu stefnu sína verulega - með það að leiðarljósi að jafna stöðu ungmennafélaga og tryggja ungu fólki tilverugrundvöll í félagslegu starfi. (Sindri o.fl., 2012). Stefna LUF (2018) bendir til þess að lítið hafi breyst síðan þessi samantekt var gefin út árið 2012. Þar kemur m.a. fram að „(...) ójöfn fjárframlög ríkisins til frjálsra félagasamtaka ungs fólks sé óviðunandi og er því eitt helsta áherslumál félagsins að berjast fyrir fjárútlátum á jafningjagrundvelli“.

Á sambandsþingi LUF árið 2017 barst beiðni til stjórnar þess efnis að skoða fjárhagsstöðu hvers félags fyrir sig (Þinggerð LUF, 2017). Rannsókn þessi er því unnin að beiðni aðildarfélaga LUF og er henni ætlað að vera eins konar framhald af þeirri samantekt sem LUF gaf út árið 2012. *Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á stöðu ungmennageirans með því að greina rekstrarumhverfi ungmennafélaga á Íslandi. Einkum hvort og þá hvernig staðan hafi breyst frá árinu 2012. Ungmennafélög og málefni ungs fólks á Íslandi hafa lítið hefur verið rannsökuð, samanborið við önnur lönd – þá sérstaklega í samanburði við þau lönd sem við viljum bera okkur saman við. Skýrslunni er því ætlað að efla skilning og fræðilega þekkingu á vettvangi ungmennageirans, forsögu hans og mikilvægi. Saga LUF er í fyrsta skipti skrásett með góðu móti í þessari rannsókn og hefur það eitt og sér gífurlega þýðingu fyrir ungt fólk. Vonast er til þess að niðurstöðurnar nýtist ungmennafélögum í hagsmunabaráttu sinni og stefnumótunarvinnu.*



Til þess að ná settu markmiði var stuðst við blandað rannsóknarsnið eigindlegrar og megindlegrar gagnaöflunar. Í því fólst hefðbundin heimildavinna, öflun ársreikninga og opinberra rekstrarsamninga. Einnig var spurningakönnun unnin og hálfstöðluð viðtöl tekin. Í átt að markmiðinu eru lykilhugtök skilgreind, fjallað er um sögu ungmennageirans og hvernig hann hefur þróast, ásamt því að veita norrænan samanburði. Aðferðafræði rannsóknar er lýst áður en niðurstöður eru kynntar. Í niðurstöðum er fjallað um skiptingu ríkisfjár til málaflokksins á undanförunum áratugum og innra rekstrarumhverfi ungmennafélaga skoðað í því samhengi. Áður en lokaorð eru dregin saman, er spurningunni sem rannsóknin leggur til grundvallar svarað í umræðukafla um: *hvort íslensk stjórnvöld sinni lögbundnu hlutverki sínu sem felst í að tryggja aðgengi ungs fólks að fjölbreyttu ungmennastarfi?*

1. Fræðilegur bakgrunnur

Á Íslandi hefur umfjöllunarefni þessarar skýrslu hingað til lítið verið rannsakað. Í þeirri stefnu sem síðast var í gildi hér á landi, þ.e. „Stefnumótun í æskulýðsmálum 2014-2018“ kemur fram að:

Við gerð stefnumótunar í æskulýðsmálum kemur berlega í ljós ákveðinn skilgreiningar- og hugtakavandi sem fagsviðið býr við. Mikilvægt er að vekja athygli á því þar sem sameiginlegur skilningur á lykilhugtökum er nauðsynlegur í vinnu sem þessari. Fram kemur í stefnunni að brýnt sé að vinna markvisst í þeim málum og skýra betur lykilhugtök (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014, bls. 4).

Neðangreindar skilgreiningar byggjast á hvernig alþjóðlegar stofnanir skilgreina hugtökin, en innan þeirra ríkir ekki skilgreiningar- og hugtakavandi. Heldur mótaðar hafa verið skýrar stefnur sem alþjóðasamfélagið hefur komið sér saman um. Kafi þessi skýrir nákvæmlega hvað rannsókn þessi á við með þessum lykilhugtökum og er jafnframt sú merking sem LUF styðst við í starfi.

1.1. Ungmennafélag

„Ungmennafélag“ (e. Youth Organisation) er samheiti hugtaksins „æskulýðsfélag“. Bæði orð eru góð og gild, en orðið *æskulýður* virðist hafa vikið fyrir *ungmenni* í íslensku nútímamáli og kemur það bersýnilega í ljós t.a.m. þegar þessi orð eru slegin inn í leitarvélina Google. Þegar þetta er ritað koma 619 þúsund leitarniðurstöður þegar orðið *ungmenni* er slegið inn en ekki nema 96 þúsund þegar orðið *æskulýður* er slegið inn. Eins fær *æska* einungis 196 leitarniðurstöður en þegar orðasambandið *ungt fólk* er slegið inn koma fram 1.380 þúsund leitarniðurstöður.



Í iðorðabanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (2018) er orðið „ungmennafélag“ skilgreint sem félagasamtök sem hafa ungmennastarf að megin viðfangsefni eða vinna í þágu barna og ungmenna. Í rannsókninni „Study on the Social Value of Youth Organisations“ sem framkvæmd var fyrir tilstuðlan Evrópska ungmennavettvangsins (e. European Youth Forum - YFJ) - regnhlífarsamtök evrópskra ungmennafélaga - er fjallað sérstaklega um félagslegt gildi ungmennafélaga. Þar er stuðst við skilgreiningu Souto-Otero o.fl. (2012) á ungmennafélagi: lýðræðisleg og frjáls félagasamtök sem eru stofnuð til að þjóna ungu fólki og þar sem ungt fólk stýrir stjórnskipulagi félagsins (Holtom o.fl., 2016).

Evrópuráðið (CoE) og Evrópusambandið (ESB) skilgreina ungmennafélag einnig sem frjáls félagasamtök sem eru leidd af ungu fólki (e. youth-led) í sjálfboðastarfi. Ungmennafélög eru að jafnaði stofnuð til að efla pólitísk, félagsleg, menningarleg eða efnahagsleg markmið félagsmanna þeirra. Það er gert með ýmsum athöfnum fyrir ungt fólk og/eða með skipulögðu hagsmunastarfi ungs fólks. Oftast leggja ungmennafélög áherslu á að stuðla að lýðræðislegum og félagslegum réttindum ungs fólks; hvetja ungt fólk til samfélagslegrar þátttöku; og bjóða upp á tækifæri fyrir persónulega og félagslega þróun í gegnum tómstundir, sjálfboðastörf eða óformlegt nám (CoE, 2018). Jafnframt leggja Sameinuðu þjóðirnar áherslu á að ungmennafélögum sé stjórnað af ungu fólki (SP, 2020). Í þessari rannsókn er lagður sami skilningur á hugtakinu „ungmennafélag“ og YFJ, CoE, ESB og SP vinna eftir. Ljóst er að ungmennafélög geta verið margbreytileg, svo lengi sem þau eru lýðræðisleg, frjáls, leidd af ungu fólki og vinna í þágu ungs fólks.

1.2. Ungmennastarf

Tilgangur æskulýðslaga (70/2007) er að styðja við börn og ungmenni í æskulýðsstarfi og í þeim segir:

Með æskulýðsstarfi er átt við skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Í skipulögðu æskulýðsstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda. Í öllu starfi með börnum og ungmennum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Lögin miðast við æskulýðsstarf fyrir börn og ungmenni, einkum á aldrinum 6–25 ára (Æskulýðslög nr. 70/2007).



Landssamband ungmennafélaga (LUF)¹ hefur lengi gagnrýnt skilgreiningu ríkisins á ungmennastarfi og kallað eftir endurskoðun á æskulýðslögum. Árið 2012 gaf LUF út „Samantekt á fjárútlátum ríkisins til æskulýðsmála og staðan í málaflokknum“. Þar gagnrýnir LUF lögin fyrir að setja börn og ungmenni á aldrinum 6-25 ára undir sama hatt. Þá telur LUF að „aðskilja verði umræðu með börnum annars vegar og ungmennum hins vegar - til þessa að lög, reglugerðir og fjármögnun í málaflokki ungmennastarfs endurspegli betur raunveruleika barna og ungmenna út frá þörfum hvers hóps fyrir sig“ (Sindri o.fl., 2012).

Nú, átta árum síðar er það enn markmið í framkvæmdaáætlun stjórnar LUF að fylgja eftir endurskoðun á æskulýðslögum. Þar kemur fram að æskulýðslög samrýmast LUF og aðildarfélögum þess illa. Lögin hafa gert LUF erfitt fyrir að starfa í málaflokknum og að sinna markmiðum sínum. Þar segir jafnframt að LUF telji mikilvægt að gerður sé greinarmunur á þörfum 6 ára barna og 25 ára ungmenna. Þá gera lögin ekki ráð fyrir hagsmunastarfi og því mikilvæga ungmennastarfi sem felst í að vernda og efla eigin réttindi og stuðla að aðkomu að ákvarðanatöku. Þar kemur einnig fram að LUF muni berjast fyrir því að „í Æskulýðsráði verði ungmenni í meirihluta, í ljósi þess að hlutverk ráðsins er að vera stjórnvöldum til ráðgjafar í æskulýðsmálum og gera tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum“ (Framkvæmdaáætlun LUF, 2020-2021).

Þessi gagnrýni frá LUF á framkvæmd æskulýðslaga sætir ef til vill ekki furðu séu lögin rýnd í samræmi við greinargerð frumvarps menntamálaráðherra, sem varð að æskulýðslögum, ásamt skýrslum og greinargerðum sem lögin eru byggð á. Þar má til að mynda sjá að gert er ráð fyrir verkaskiptingu við fjárstuðning til æskulýðsfélaga. Ríkið skal tryggja aðgengi að fjölbreyttu æskulýðsstarfi og skal fjárstuðningur ríkisins til landssamtaka æskulýðsfélaga fara eftir ákvörðun Alþingis á fjárlögum, líkt og kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr. æskulýðslaga, en sveitastjórnir beri ábyrgð á svæðisbundnum æskulýðsfélögum líkt og fjallað er um í 2. mgr. 3. gr. æskulýðslaga. Í almennum athugasemdum greinargerðar frumvarps til æskulýðslaga eru tildrög laganna rakin, m.a. með skírskotun til þróunar málaflokksins innan Evrópu og þess álits höfunda frumvarpsins um að uppfæra þyrfti lagaumgjörð á Íslandi til að standa nær nágrannaríkjum okkar í málefnum barna og ungs fólks. Einnig er bent á í greinargerðinni að á Íslandi hafi verið stofnað Landssamband æskulýðsfélaga, með aðild að Evrópska ungmennavettvanginum (e. European Youth Forum), sem ætlað er að starfa sem landssamtök æskulýðsfélaga (e. National Youth Council) hér á landi. Enn fremur kemur fram í greinargerðinni að við gerð frumvarpsins hafi verið gengið út frá ákveðinni skiptingu milli íþróttafélaga og æskulýðsfélaga, þar sem einnig væri í bígð sérstök löggjöf sem tekur til íþróttastarfs.

¹ Sjá nánar í kafla 2.5.



Við undirbúning frumvarpsins og við greiningu á vettvangi æskulýðsmála var til að mynda gengið út frá þeirri grundvallarforsendu að Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) flokkaðist sem íþróttafélag og heyri því ekki undir æskulýðslög. Þar af leiðandi var það forsenda fjárhagsgreininga að slík félög heyrðu undir íþróttastarf og væri fjármagnað á þeim grunni (Þingskjal 460/2006-2007). Þessi forsenda æskulýðslaga er sérstaklega áhugaverð í samhengi við fjárúthlutanir til æskulýðsmála á fjárlögum undanfarinn áratug eða svo, en þessu verður nánar gerð skil í kafla 5.1. í þessari skýrslu.

Í ljósi þeirrar gagnrýni sem íslenska ríkið hefur fengið á sig fyrir ófullnægjandi lögbundna skilgreiningu á ungmennastarfi verður hér miðast við þann aðila sem ætti að hafa úrslitavaldið - YFJ. Vettvangurinn telur yfir 100 aðildarfélög (þ.m.t. Landssambönd ungmennafélaga allra Evrópuríkja) og kemur fram fyrir hönd hundruði ungmennafélaga og milljónir ungmenna víðs vegar um Evrópu (YFJ, e.d.). Eðlilega ætti það vera í höndum ungs fólks að skilgreina hvað ungmennastarf er í raun og veru. YFJ og aðildarfélög vettvangsins skilgreina ungmennastarf sem: aðgerðir, starfsemi, ferlar og verkefni unnin af, með eða fyrir ungt fólk á aldrinum 16-35 ára² með að það markmiði að búa til pláss fyrir ungt fólk, fyrir persónulega þróun og þarfir þeirra. Ungmennastarf miðar að því að bæta félagslega, pólitíska, efnahagslega og vistfræðilega stöðu ungs fólks og að auka aðkomu að ákvarðanatöku og virka þátttöku eða byggja getu þeirra til slíkra aðgerða. Ungmennastarf gerir þetta á áhrifaríkan hátt með því að sameina fræðslu og þátttöku. Ungmennastarf er liður í uppbyggingu borgarasamfélagsins; því ætti að líta á ungmennastarf sem almannaheill (e. public good) og á að vera meðhöndlað sem slíkt af ríkisvöldum í viðkomandi landi (YFJ, 2014). Alþjóðabankinn hefur fært fyrir því efnahagsleg rök að leggja áherslu á ungt fólk. Rannsóknir hafa sýnt að ríki sem fjárfest hafa í yngri kynslóðum uppskera ávinning með aukinni hagsæld og velferð (World Bank, 2010). Mikilvægi ungmennafélaga og sú samfélagslega verðmætasköpun sem ungmennastarf leiðir af sér er ótvírætt (Holtom o.fl., 2016). Þess vegna hafa flest ríki heims sett sér stefnu í málaflokknum (Youth Policy, e.d.).

1.3. Ungmennastefna

Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna (SP) hafa flest sett sér svokallaða ungmennastefnu sem er í raun heildstæð landsstefna í málefnum ungs fólks sem á ensku kallast „National Youth Policy“. Þá er heimsdagskrá SP um aðgerðir fyrir ungt fólk (e. World Programme of Action for Youth) notuð sem leiðarvísir. Þar kemur fram að aðildarríkin og ungmennafélög eiga að stuðla að virkri og sýnilegri ungmennastefnu.

Leiðarvísirinn að slíkri landsstefnu fer fram á víðtæka þátttöku allra hagsmunaaðila, framkvæmd stöðu- og þarfagreiningar, skilgreiningu berskjaldaðra hópa, tillit til getu, fjárhagsáætlun til að framkvæma stefnuna, endurmat, þróun skýrrar sýnar, stofnanauppbyggingu, samstarf og auka þekkingarsköpun (Sameinuðu þjóðirnar, e.d.). Tilmæli, Rec(2006)1, ráðherra-nefndar Evrópuráðsins (CoE) viðurkenna hlutverk Landssambanda ungmennafélaga (e. National Youth Councils) í þróun ungmennastefnu og eiga aðildarríkin að lögbinda það hlutverk (CoE, 2006). Ísland eitt af fáum ríkjum heims sem eru ekki með slíka ungmennastefnu, þrátt fyrir ályktun SP (A/RES/50/81)³ sem árið 1996 beitti þau ríki þrýstingi sem þá höfðu ekki formest slíka stefnu þegar.

Sem stendur er Ísland ekki með neina stefnu í málaflokknum sem hér er til umræðu og hefur verið algjörlega stefnulaust frá árinu 2018. „Stefnumótun í æskulýðsmálum“ (e. Policy on Youth Work) var í gildi frá 2014 til ársins 2018. Í þeirri stefnu var t.d. eitt af sjö markmiðum hennar að tryggja að „fjármögnun æskulýðsstarfs sé trygg og gætt sé að jafnræðis við úthlutun fjármagns“. Þar kemur fram að:

fjárhagslegur bakgrunnur þeirra aðila sem standa að æskulýðsstarfi er afar misjafn. Starfsemi á vegum skóla, sveitarfélaga og stærri samtaka byggja á öruggari fjárframlögum á meðan ýmis frjáls félög, hópar og einstaklingar búa við meiri fjárhagslega óvissu. Þennan aðstöðumun þarf að jafna, m.a. með því að auka jafnræði við úthlutun fjármagns (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014, bls. 10).

Eftirfylgni þeirrar stefnu var ekki í samræmi við leiðarvísir SP og henni fylgdi engin fjárhagsáætlun til að framkvæma hana. Auk þess takmarkaðist hún við ungmennastarf, hún var ekki réttindamiðuð en lagði þó góða áherslu á þátttöku og samráð við ungmenni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014).

Þegar þetta er ritað er ný stefna í vinnslu innan mennta- og menningarmálaráðuneytisins og hafa drög að svonefndri „stefnu um félags- og tómstundastarf“ verið kynnt til umsagnar á Samráðsgátt stjórnvalda. Líkt og heiti stefnunnar gefur til kynna má segja að ákveðna afturför sé að ræða í ljósi þess að hún þrengir málefnasviðið með áherslu á tómstundastarf (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021). Í umsögn LUF um drögin eru gerðar athugasemdir við að þau byggja á veikum grunni, eftirfylgni og ábyrgð er óljós, hugtakanotkun er ábótavant og skort á alþjóðlegu samhengi (Umsögn LUF, 2021).

³ Í ályktun SP (A/RES/50/81) kemur fram á ensku: „Governments which have not already done so are urged to formulate and adopt an integrated national youth policy as a means of addressing youth-related concerns. This should be done as part of a continuing process of review and assessment of the situation of youth, formulation of across-sectoral national youth programme of action in terms of specific, time-bound objectives and a systematic evaluation of progress achieved and obstacles encountered“ (SP, 1996, bls. 27).



Í áðurnefndri samantekt LUF á fjárútlátum ríkisins til æskulýðsmála kemur fram að íslenskt ungmennastarf sé fjársvelt. Í ljós kom að lagarammi og skilgreiningar utan um málaflokkinn hafi frá upphafi verið óljósar og í litlu samræmi við alþjóðlegar skilgreiningar. Þar kemur einnig fram að „þegar afleiðingar af þessum ófullkomna lagaramma og ruglingi í skilgreiningum eru skoðaðar í kjölinn, kemur í ljós að starfsemi með ungmennum hefur farið verulega varhluta af stuðningi ríkisins.“ Á þeim tíma (árið 2012) sem samantektin var unnin hafði um 85% af öllum fjárstuðningi ríkisins við málaflokkinn farið til aðildarfélaga Æskulýðsvettvangsins⁴ áratuginn þar á undan, þ.e. félaga sem starfa að mestu eða öllu leyti með börnum. Á meðan börðust LUF og aðildarfélög þess í bökkum. Fram kemur að LUF og aðildarfélögin lýsi yfir miklum áhyggjum yfir því að þurfa að draga úr starfsemi sinni og jafnvel leggja niður skrifstofur félaganna á næstu árum, haldi þróunin áfram sem samantektin lýsir. LUF krafðist þess að stjórnvöld hyggðu verulega að stöðu ungs fólks í landinu, gæti jafnræðis við fjárstyrki, sporni við þróuninni og endurskoði sína stefnu verulega með það að leiðarljósi að jafna stöðu ungmennafélaga, tryggja ungu fólki tilverugrundvöll í félagslegu starfi (Sindri o.fl., 2012).

„Brýn þörf er á heildstæðum lagabálk, faglega útbúnum skilgreiningum og skýrri stefnu í málaflokknum sem gerir greinarmun á starfi með börnum og ungmennum og styður við hvoru tveggja á fullnægjandi og sanngjarnan hátt“ kom ennfremur fram í samantekt LUF frá árinu 2012 (Sindri o.fl., 2012). Krafa um endurskoðun á æskulýðslögum og að Ísland setji sér heildstæða stefnu í málaflokknum eru enn helstu baráttumál LUF, átta árum síðar (Framkvæmdaáætlun LUF, 2020-2021; Umsögn LUF, 2020).

Þessi rannsókn er um rekstrarumhverfi ungmennafélaga á Íslandi og er framhald af þeirri samantekt sem LUF gaf út árið 2012. Til þess að gera rekstrarumhverfinu skil verður næst vikið að sögulegu samhengi geirans í þeim tilgangi að varpa ljósi á þróunina.

⁴ Sjá nánar í kafla 2.4.

2. Sögulegt samhengi

Til þess að rannsaka rekstrarumhverfi ungmennafélaga er nauðsynlegt að gera grein fyrir sögu ungmennageirans á Íslandi, hvernig hann hefur þróast og hver uppbyggingin er í dag. Neðangreind umfjöllun er mikilvægt samhengi sem ætlað er að auka skilning á rekstrarumhverfi ungmennafélaga.

2.1. Æskulýðssamband Íslands (ÆSÍ)

Þann 18. júní 1958 var Æskulýðssamband Íslands (ÆSÍ) stofnað. Félögin sem stóðu að stofnun ÆSÍ voru níu talsins: Samband ungra Framsóknarmanna (SUF), Samband ungra jafnaðarmanna (SUJ), Samband ungra Sjálfstæðismanna (SUS), Æskulýðsfylkingin (ÆF), Samband bindindisfélaga í skólum (SBS), Ungmennafélag Íslands (UMFÍ), Íslenskir ungtemplarar (ÍUT), Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) og Bandalag íslenskra skáta (BÍS). Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS) og fleiri félög fengu síðar inngöngu. ÆSÍ var ætlað að koma fram fyrir hönd ungmennafélaga á Íslandi á alþjóðlegum vettvangi. Seinna sama ár hlaut ÆSÍ inngöngu í alþjóðlegu ungmennasamtökin „World Assembly of Youth“ (WAY) og tók þátt í starfi þeirra næstu árin. ÆSÍ var einnig stofnaðili að „European National Youth Councils“ (CENYC) árið 1962 (Hörður Gunnarsson, 2008). CENYC sameinaðist tveimur evrópskum ungmennasamtökum árið 1996 og úr varð „European Youth Forum“ (YFJ), sem LUF er aðili að í dag (YFJ, e.d.).

ÆSÍ var samráðsvettvangur aðildarfélaganna, líkt og LUF er í dag, og starfaði í þágu þeirra. Á 8. áratug síðustu aldar varð aftur á móti mikil vinstri sveifla í íslenskum stjórnámálum, sem og í öðrum vestrænum ríkjum. Þessi vinstri bylgja litaði starf ÆSÍ á þessum tíma og úr varð að SUS gekk úr ÆSÍ ásamt öðrum samtökum og því urðu ungmennafélög sem hölluðust í átt að félagshyggju ráðandi innan ÆSÍ í kjölfarið (Hannes Hólmsteinn Gissurarson, 2009). Í greininni *Tveir menn við múrinn* kemur fram að þátttaka ÆSÍ á heimsmóti ungs fólks sumarið 1973 í Berlín í Austur-Þýskalandi hafi orðið til þess að hægrimenn urðu mjög andsnúnir ÆSÍ. Sjálfstæðismenn mótmæltu þátttökunni harðlega og beittu málgagni sínu, Morgunblaðinu, í þeim tilgangi að koma fram gagnrýni sinni. Þar á meðal var, svo dæmi sé tekið, Davíð Oddsson, sem seinna varð formaður Sjálfstæðisflokksins (Hannes Hólmsteinn Gissurarson, 2009).

Á sambandsþingi ÆSÍ árið 2003 var rætt um „vafasama fortíð“ félagsins og ímynd þess. Starfsemi ÆSÍ hafði legið niðri eftir að upp komst um misnotkun á þeim litlu fjármunum sem félagið hafði milli handanna. Fyrir þinginu lá tillaga þess efnis að leggja ætti félagið niður. Meirihluti aðildarfélaganna var fylgjandi því að halda starfsemi ÆSÍ gangandi um sinn og var tillagan því felld.



Í ljósi alþjóðlegra skuldbindinga voru fulltrúar AUS ötulir talsmenn þess að halda starfsemi ÆSÍ virkri, þar til að ljóst yrði hvað við tæki. Einnig var litið til mikilvægi þess að starfrækja samstarfs vettvangur fyrir félögin til að berjast fyrir sameiginlegum hagsmunamálum. Á þessum tímapunkti voru félög þó farin að segja sig úr ÆSÍ og tók geirinn að klofna (Þinggerð ÆSÍ, 2003; AUS, tölvupóstur, 28. febrúar 2003).

Starfsár ÆSÍ 2003-2004 fór í að rétta af fjárhag félagsins og setti menntamálaráðuneytið þrýsting á stjórn sambandsins að leggja félagið niður. Ráðuneytið hugðist í þeim tilgangi ekki styrkja ÆSÍ frekar og að allir styrkir sem rynnu til sambandsins væru háðir því að nýr sameinaður vettvangur yrði stofnaður (Menntamálaráðuneytið, bréfsending, 8. júlí 2003 & 30. ágúst 2004). Boðað var til síðasta sambandsþings ÆSÍ þann 31. ágúst 2004 þar sem tillaga stjórnar ÆSÍ var samþykkt, um að slíta félaginu og að nýtt verði stofnað. Þingið var upplýst um þá tvo fundi sem öllum félögum innan ungmennageirans var boðið á og að mynduð hafi verið nefnd til þess að koma framtíðarvettvangi á laggirnar. Þá hafði menntamálaráðuneytið tekið jákvætt í það að hinn nýi sameiginlegi vettvangur kæmist á föst fjárlög (Þinggerð ÆSÍ, 2004). Á þinginu var ákveðið að eignir félagsins myndu renna til nýja vettvangsins sem og alþjóðlegar skuldbindingar (Hörður Gunnarsson, 2008).

2.2. Landssamband æskulýðsfélaga (LÆF)

Í ljósi þess að mikil þörf var fyrir sameinaðan samstarfs- og samráðsaðila að fjölmörgum erlendum verkefnum m.a. hjá menntamálaráðuneytinu, auk þess sem ÆSÍ hafði ekki tekist að sameina ungmennageirann, hafði það reynst torvelt fyrir Ísland að hafa ekki öflugan vettvang til að þjóna hlutverki „National Youth Council“, eins og víðast hvar er lögbundið (YFJ, 2014). Stofnfundur um nýjan vettvang var haldinn í Þjóðmenningarhúsinu 2. október 2004 sem fékk heitið Landsamband íslenskra æskulýðsfélaga (e. The National Youth Council of Iceland). Markmiðið var að hin nýju æskulýðssamtök myndu starfa með svipuðu sniði og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) gerir fyrir íþróttafélögin í landinu. Ákveðið var að hlutverk hins nýja landssambands yrði að vera „samstarfs og samráðsvettvangur frjálsra æskulýðsfélaga, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og vera málsvari þeirra gagnvart opinberum aðilum. Samtökin vinna að því að efla æskulýðsstarf og æskulýðsumræðu á Íslandi og er fulltrúi aðildarfélaga í margvíslegu erlendu samstarfi“. Þar sem aðildarfélögin eru ólík og starfa á mismunandi sviðum var samþykkt að skipta stofnfélögunum í undirdeildir:

Pólitísk félög:

Samband ungra framsóknarmanna (SUF)
Samband ungra sjálfstæðismanna (SUS)
Ung frjálslynd (UF)
Ungir jafnaðarmenn (UJ)
Ung vinstri græn (UVG)

Forvarnarsamtök:

Forvarnarsamtök ÍUT
Barnahreyfing IOGT
Unglingahreyfing IOGT
Ungmennadeild Bindindisfélags ökumanna (BFÖ)

Námsmannahreyfingar:

Bandalag íslenskra námsmanna (BÍSN)
Félag framhaldsskólanema (FF)
Iðnnemasamband Íslands (INSÍ)
Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE)
Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ)

Félagasamtök fatlaðra:

Ungliðahreyfing Gigtarfélags Íslands (UngGi)
Ungliðahreyfing Sjálfsbjargar (NÝ-UNG)
Ungmennadeild Blindrafélagsins (Ungblind)
Ungliðadeild Félags heyrnarlausra (Puttalingar)

Skiptinemasamtök:

Alþjóðleg fræðsla og samskipti (AFS)
Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS)
Alþjóðlega sumarþúðir barna (CISV)
Veraldarvinir (WF)

Blandaður hópur:

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ)
Bandalag íslenskra skáta (BÍS)
Unglingadeild Slysavarnafélagsins Landsbjargar (SL)
Rauði kross Íslands (RKÍ)

Félög í trúarlegu starfi:

Landssamband KFUM og KFUK
Alþjóðasamtök Hjálpræðishersins (ÆHH)
Kristilega skólahreyfingin (KSH)



Andrés Jónsson fulltrúi UJ var kjörinn formaður hins nýja félags með 11 atkvæðum gegn 5 sem féllu til Inga Þórs Ágústssonar fulltrúa UMFÍ sem náði þó varaformannskjöri. Ólöf Halldóra Þórarinsdóttir fulltrúi BÍSN var kjörin gjaldkeri og Jón Hjalti Sigurðarsson fulltrúi Ungblind var kjörinn ritari. Kjörnir meðstjórnendur voru Kjartan Due Nielsen frá AUS, Hreiðar Örn Stefánsson frá KFUM og KFUK og Sigurgeir Haraldsson frá B-IOGT. Förgangsverkefni stjórnar hins nýstofnaða félags var að stórefla samstarf ungmennafélaganna við stjórnvöld og sveitarfélög, auka þátttöku félagsmanna í stefnumótunarvinnu stjórnvalda, auka upplýsingamiðlun um erlent samstarf, halda námskeið fyrir sjálfbóðaliða, standa fyrir fundum ásamt því að veita smærri félögum og þeim sem starfa á landsbyggðinni stuðning og sýna fram á að „það borgar sig að vinna saman“ (Þinggerð LÍÆ 2004; Æskulýðsamtökin, 2004). Á fulltrúaráðsfundi þann 3. febrúar 2005 var ákveðið, vegna óánægju með nafn félagsins, að halda nafnakosningu og hlaut nafnið Landssamband æskulýðsfélaga (LÆF) yfirburðarkosningu. Lagabreytingatillaga þess efnis var samþykkt á sambandsþingi 2006 og var Andrés Jónsson endurkjörinn formaður (Þinggerð LÆF, 2006).

2.3. Klofningur innan LÆF

Fyrir sambandsþing LÆF árið 2006 barst LÆF erindi frá UMFÍ, BÍSN og KFUM og KFUK (hér nefnd klofningsfélögin) sem vildu koma á framfæri óánægju með starfsemi LÆF. Í fyrsta lagi var gerð athugasemd við að „LÆF sinni ekki hlutverki sínu“ og töldu klofningsfélögin starfsemina ekki hafa staðið undir væntingum. Óánægju þessara félaga mátti rekja til takmarkaðs upplýsingaflæðis frá LÆF til aðildarfélaganna, bæði hvað varðaði starfsemi LÆF og ungmennastarf á erlendum vettvangi. Í því samhengi vöktu félögin athygli á „að megintilgangur með [...] stofnun LÆF var að koma á skilvirku upplýsingaflæði frá Evrópu og Norðurlöndunum til íslenskra æskulýðssamtaka.“ Í öðru lagi voru félögin ósátt með að Samfés, Samtök félagsmiðstöðva, hafi hlotið fulla aðild að LÆF á sambandsþingi 2006. Töldu klofningsfélögin Samfés ekki uppfylla aðildarskilyrði LÆF um að vera frjáls félagasamtök í ljósi þess að félagsmiðstöðvar séu reknar af sveitarfélögum. Í bréfi frá félögunum segir aðildarskilyrði LÆF byggjast á skilyrðum Evrópska ungmennavettvangsins (e. European Youth Forum - YFJ) og að „það er ljóst að víða erlendis þykir það ákveðinn gæðastimpill á æskulýðsfélagi að eiga aðild að samtökum eins og LÆF“. Töldu klofningsfélögin að því bæri að fara varlega til þess að hætta á því að aðildarfélög LÆF standi ekki undir þeim væntingum sem aðildin hugsanlega byggir upp hjá erlendum samstarfsaðilum (UMFÍ, BÍSN og KFUM-K, tölvubréf, 31. október 2006).

Klofningsfélögin litu alvarlegum augum á stöðuna og kröfðust þess að stjórn LÆF gerði grein fyrir forsendum þess að umsókn Samfés var lögð fyrir og hvers vegna formaður LÆF studdi ekki tillögu BÍSN um að fresta inntöku nýrra félaga til næsta þings.



Í svari stjórnar LÆF við athugasemdum klofningsfélaganna er vísað í umsókn Samfés þar sem kom fram að samkvæmt samþykktum eru samtökin „frjáls félagasamtök félagsmiðstöðva á Íslandi“ og þá staðreynd að Samfés er aðili að Evrópusamtökum félagsmiðstöðva (European Confederation of Youth Clubs - ECYC), sem er aðili að YFJ og uppfyllti Samfés því skilyrði YFJ í gegnum ECYC og þar með skilyrði LÆF, sem byggjast á YFJ. Í svarbréfi LÆF kom einnig fram að það hafi verið ákvörðun meirihluta stjórnar LÆF að umsóknin væri þess eðlis að eðlilegt væri að leggja hana fyrir þingið til umfjöllunar, einkum þar sem ekki náðist samstaða innan stjórnar (LÆF, tölvupóstur, 10. janúar 2007).

Í kjölfar svara stjórnar LÆF barst Höskuldi Sæmundssyni, þáverandi framkvæmdastjóra LÆF tilkynning þess efnis að BÍS, UMFÍ og KFUM og KFUK hafi ákveðið að ganga úr LÆF. Fram kom að það væri eindregin skoðun félaganna að Samfés ætti ekki erindi í LÆF og í ljósi svara LÆF við athugasemdunum var metið sem svo að félögin ættu ekki lengur samleið með meirihluta LÆF. Einnig er því haldið fram að upphaflega voru það fulltrúar þessara þriggja samtaka sem hittust og ákváðu að vinna að stofnun þess sem síðar varð LÆF. Strax í upphafi voru miklar umræður um hverjum bjóða ætti til samstarfs og ákveðið var að miða við skilgreiningar YFJ á gjaldgengum samtökum og því var ákveðið að bjóða gamla ÆSÍ til samstarfs við undirbúninginn. Ýmsir í stjórnnum klofningsfélaganna „höfðu strax efasemdir, sérstaklega vegna slæmrar reynslu af margra ára pólitískri stjórn ÆSÍ sem hafði leitt þau samtök í þrot“ (Júlíus Aðalsteinsson, tölvubréf, 2. mars 2007). Eftir að hafa klofið sig úr LÆF stofnuðu BÍS, UMFÍ og KFUM og KFUK sinn eigin samráðsvettvang; Æskulýðsvettvanginn.

2.4. Æskulýðsvettvangurinn (ÆV)

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) er samstarfsvettvangur BÍS, KFUM og KFUK, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og UMFÍ. ÆV var stofnaður árið 2007 í kjölfar þess að öll félögin, að Slysavarnafélaginu undanskildu, klufu sig úr LÆF. Markmið ÆV er að vinna að sameiginlegum hagsmunum barna og ungmenna í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Honum er ætlað að stuðla að samstarfi aðildarfélaganna á mismunandi sviðum og að gefa einstaklingum í aðildarfélagunum tækifæri á að styrkja sig á ýmsum sviðum. Til þess að ná settum markmiðum eru haldnar ráðstefnur, námskeið og önnur verkefni sem hafa hagsmuni barna og ungmenni að leiðarljósi (ÆV, e.d.). Í samþykktum ÆV segir skv. 6. gr. að stjórn félagsins skuli skipuð framkvæmdastjórum aðildarfélaganna og að aðildarfélögin skipti með sér formennsku á tveggja ára fresti (Samþykktir Æskulýðsvettvangsins, 2017). Á vef evrópsku ungmennagáttarinnar (2013) er fjallað um ÆV og þar kemur fram að „[e]kki er hægt að eiga beina aðild að Æskulýðsvettvanginum þar sem félagið er samráðsvettvangur aðildarféлага þess“.



Á aev.is, heimasíðu ÆV, kemur fram að helsta verkefni vettvangsins sé Evrópuverkefnið „Ekkert hatur“ (e. No Hate Speech Movement) í samstarfi við ýmsar stofnanir og samtök, m.a. LUF. Verkefninu er ætlað að vekja athygli á hatursorðræðuánetinu. ÆV veitireinnigráðgjöf og stuðning við gerð viðbragðsáætlana, siðareglna, jafnréttis- og mannréttindastefnu, verklagsreglna og annara verkfæra ásamt innleiðingu þeirra. Eitt af markmiðum ÆV er að stuðla að aukinni fræðslu og forvörnum í íþróttá- og æskulýðsstarfi og vinnur ÆV að því með því að bjóða upp á námskeið um einelti, hatursorðræðu og barnavernd (Æskulýðsvettvangurinn, 2017). Á vegum ÆV hefur verið gefin út verkfærakista um ofangreind atriði og þar starfar fagráð sem tekur til umfjöllunar kynferðisafbrotamála, eineltismála auk mála sem snúa að annarri óæskilegri hegðun sem upp koma innan ÆV (ÆV, e.d.)

2.5. Landssamband ungmennafélaga (LUF)

Á sambandsþingi LÆF árið 2017 var lögð fram tillaga þess efnis að breyta nafninu á félaginu enn og aftur eftir ráðleggingar frá stjórn kjörtímabilsins 2015-2016. Þá var lagt til að breyta nafninu úr „Landssamband æskulýðsfélaga“ í „Landssamband ungmennafélaga“ og var tillagan samþykkt einróma. Ástæðan fyrir breytingatillögunni var sú „að aðildarfélögin skilgreini sig heldur sem ungmennafélög, að það endurspegli félagið betur og er nútímalegra orð yfir ungt fólk, auk notað í daglegu tali“ (Þinggerð LUF, 2017).

Frá því að LUF (áður LÆF) var stofnað árið 2004 hefur mikið vatn runnið til sjávar í starfseminni. Áherslur í starfinu hafa þróast, verkefni og viðburðir í takt við það og félagið stækkar ört. Þegar þetta er skrifað eiga 36 félög aðild að LUF og telur regnhlífín nú um 50 þúsund félagsmenn. Fulla aðild að sambandinu eiga: AFS á Íslandi, AIESEC, AUS, Barnahreyfing IOGT, Breytendur, Félag ungra jafnréttis-sinna, JB á Íslandi, JCI á Íslandi, Núll prósent, Samband íslenskra framhaldsskólanna (SÍF), Samtök námsmanna erlendis (SÍNE), Samband ungra framsóknarmanna (SUF), Samfés, landssamtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa, Samtök ungra bænda (SUB), SEEDS - Sjálfbodaliðar umhverfis landið, Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ), Ung vinstri græn (UVG), Ungar athafnakonur (UAK), Ungir Evrópusinnar (UE), Ungir jafnaðarmenn (UJ), Ungir Píratar (UP), Ungir umhverfis-sinnar (UU), Uppreisn - Ungliðahreyfing Viðreisnar, Ungmennadeild Norræna félagsins (UNF), Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands (URKÍ), Hugrún geðfræðslufélag og Ungmennaráð UNICEF. Áheyrnaraðildarfélög eru: Ungir Pólverjar (Projekt Polska), Stamfélagið - Ungliðahreyfing Málbjargar, Ungmennaráð Þroska-hjálpar, Unghugar- Hugarafis, Ungheill - Ungmennaráð Barnaheilla, Ungir fjárfestar, Ungmennaráð UN Women á Íslandi, Ungliðahreyfing ÖBÍ og ELSA Iceland (LUF, e.d.).

Aðildarfélög LUF eiga það sameiginlegt að vera lýðræðisleg og frjáls félagasamtök sem starfa á landsvísu, eru leidd af ungu fólki (e. youth-led) og starfa með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. LUF starfar sem þverpólítískur samstarfs- og samráðsvettvangur aðildarfélaganna og er málsvari ungs fólks gagnvart stjórnvöldum. Samkvæmt samþykktum sambandsins eru markmið LUF eru eftirfarandi:

- **Að tala fyrir hagsmunum ungs fólks á Íslandi.**
- **Að vernda og efla réttindi ungs fólks og bregðast við þegar þau eru virt að vettugi.**
- **Að stuðla að valdeflingu ungs fólks í samfélaginu.**
- **Að efla samstarf og miðlun upplýsinga meðal aðildarféлага.**
- **Að veita aðildarfélögum upplýsingar um málefni og félagsstörf ungs fólks á innlendum sem og erlendum vettvangi.**
- **Að efla samskipti og samvinnu ungs fólks á Íslandi við ungt fólk um heim allan.**
- **Að koma fram fyrir hönd aðildarféлага þegar um sameiginleg hagsmunamál þeirra er að ræða.**
- **Að vera málsvari aðildarféлага gagnvart alþjóðlegum stofnunum og samtökum þegar þess er þörf.**
- **Að stuðla að umræðu og þekkingarsköpun um málefni ungs fólks (LUF, e.d.).**



Líkt og áður hefur verið nefnt er LUF aðili að YFJ, starfar því sem „National Youth Council“ (NYC) erlendis og er LUF viðurkennt sem slíkt innan YFJ, sem er lögmætur hagsmunaaðili ungs fólks í Evrópu gagnvart alþjóðlegum stofnunum á borð við Evrópusambandið, ESB og Sameinuðu þjóðanna, SP. LUF er einnig í nánú samstarfi við Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og flest ráðuneyti við að tryggja ungu fólki sæti við borðið á vettvangi SP með lýðræðislegri kosningu á ungmennafulltrúum Íslands (LUF, e.d.).

Helstu verkefni sem LUF stendur fyrir er rekstur Leiðtogaskóla Íslands sem meðal annars hefur hlotið viðurkenningu Evrópuráðsins sem „gott fordæmi“ (e. best practice) í Evrópu. Markmið skólans er að þjálfa leiðtogahæfni og valdefla ungt fólk í félagasamtökum. Skólinn er aðferð LUF til að innleiða heimsmarkmið SP inn í ungmennastarf (LUF, e.d.). LUF stendur fyrir veitingu viðurkenningar fyrir sjálfböðastarf innan aðildarféлага LUF og heiðrar ungt fólk fyrir óeigingjarna forystu og alúð í starfi á viðburðinum „Félagi ársins“ (LUF, 2019). LUF stendur einnig fyrir lýðræðisverkefninu #ÉgKýs í samstarfi við SÍF. Tilgangur verkefnisins er að efla lýðræðisvitund og hvetja ungt fólk til að kjósa eftir upplýstri ákvörðun. Verkefnið gengur út á lýðræðisviku og skuggakosningar í framhaldsskólum ásamt netherferð undir myllumerkinu #ÉgKýs (Tinna Isebarn og Hildur Björgvinsdóttir, 2017). Hagsmunagæsla og réttindabaráttu LUF byggist síðan á málefnavarfi sem hefur stefnumótunarferli Evrópusambandsins (e. EU Structured Dialogue) að fyrirmynd og tekur mið af gæðastöðlum YFJ um ungmennastefnu (Stefna LUF, 2018).

Frá upphafi hefur eitt helsta baráttumál ÆSÍ og LUF snúist um að fá nægt fjármagn til þess að halda uppi þeirri starfsemi sem krafist er af hálfu NYC eða „National Youth Council“. Í stefnu LUF (2018) kemur þetta fram:

LUF telur að ójöfn fjárframlög ríkisins til frjálsra félagasamtaka ungs fólks sé óviðunandi og er því eitt helsta áherslumál félagsins að berjast fyrir fjárútlátum á jafningjagrundvelli. Hingað til hefur fjárúthlutunum til málaflokksins verið stjórnað af geðþóttaákvörðun og áhugasviðum mennta- og menningarmálaráðherra sem verður til þess að ungt fólk hefur ekki getað þróað með sér getu og þekkingu til þess að byggja upp sterka málsvara. LUF vill taka upp hlutlaust kerfi að norrænni fyrirmynd þar sem öll ungmennafélög, að uppfylltum ákveðnum kröfum, fái fjármagn í hlutfalli við félagafjölda og eiga kost á að byggja upp starf sitt á framsýnni hugsun. Þar er einnig tekið tillit til jafnréttissjónarmiða og hlutfalls ungs fólks í stjórn. Þetta fyrirkomulag styrkir einnig stofnun og starfsemi nýrra félaga. Að auki styður LUF samkeppnissjóði til verkefna, en vart ert samkeppni um slíka sjóði (t.d. Æskulýðssjóð) ef jafnræði í fjárúthlutunum ríkisins er ekki tryggt.

Það veldur því að félögin með sterkustu innviðina (vegna ríkisfjárveitinga) hirða mest fé, á meðan þau félög sem byggja einvörðungu á sjálfbærastarfi ungs fólks standa á brauðfótum (Stefna LUF, 2018).

Mikilvæg er að hafa sögu ÆSÍ, LUF og klofningsfélagsins ÆV í huga þegar rekstrarumhverfi ungmennafélaga er rannsakað vegna þess að umhverfið er litað af sögunni. Fyrst er þó eðlilegt að gera grein fyrir fyrirkomulaginu í þeim löndum sem Ísland ber sig helst saman við, Norðurlöndin.

3. Norrænn samanburður

Systurfélög LUF á Norðurlöndum eru, líkt og LUF, landssambönd ungmennafélaga eða „National Youth Councils“ (NYCs). Þau halda úti sambærilegri starfsemi og LUF gerir hér á landi, þ.e. eru regnhlífarsamtök fyrir félagasamtök ungs fólks. Þau eru lýðræðisleg og frjáls samtök, sem eru málsvarar ungs fólks gagnvart stjórnvöldum og veita stjórnvöldum aðhald og leiðsögn þegar kemur að stefnumótun í mála-flokknum. Norrænu félögin sem tekin eru til skoðunar í þessari rannsókn eru fjögur, að LUF undanskildu. Þau eru starfandi í Svíþjóð (LSU), Finnlandi (Allianssi), Noregi (LNU) og Danmörku (DUF). Aðeins fengust upplýsingar um fjármögnun félaganna frá Allianssi og DUF á tíma gagnaöflunar.

Systurfélög LUF á Norðurlöndunum eru fjölmennari landssamtök en LUF sem skýrist af auknum íbúafjölda í nágrannalöndunum. Sem dæmi má nefna að hjá Allianssi í Finnlandi eru aðildarfélögin 125 (Allianssi, e.d.), hjá DUF í Danmörku eru þau um 70 talsins (DUF, e.d.) og LNU í Noregi eru með um 100 barna- og ungmennafélög (LNU, e.d.). Síðan er LSU í Svíþjóð með 83 aðildarfélög. Það er þó staðreynd að LUF er hlutfallslega með flest félög miðað við höfðatölu samanborið við önnur Norðurlönd.

3.1. Fjármögnun systurfélaga LUF

Þó svo að ekki fengust gögn um fjármögnun LNU í Noregi og LSU í Svíþjóð að þá er hér vert að nefna að t.d. ríkisstjórn Svíþjóðar hefur samþykkt að veita LNU 50 milljónir sænskra króna árlega 2020-2022 til að bregðast við afleiðingum Covid-19 (Regeringskansilet, 2020). Systurfélögin hafa umtalsvert stærri tekjustofna samanborið við LUF. Finnska félagið Allianssi er fjármagnað að mestu leyti af lottótekjum finnska lottósins, Veikkaus. Upphæðin sem veitt er af Mennta- og menningarmálaráðuneyti Finnlands er 1,4 m. evra sem samsvarar 226 m.kr. á ári hverju. Allianssi fær einnig aukalega tekjur af viðburðum og álögðum félagsgjöldum frá aðildarfélögum, sem nema um 63 þúsund evrum eða 10 m.kr. árlega. DUF í Danmörku notar hlut félagsins í lottótekjum og úthlutar til aðildarfélaga sinna upphæð sem nemur árlega um 130 m.dkr.



sem samsvarar nærri 3 milljörðum íslenskra króna í nýsköpunar- og rekstrarstyrki. Af þessum tölum að dæma þá er töluverður munur á fjármögnun systurfélaganna Allianssi í Finnlandi og DUF í Danmörku samanborið við LUF á Íslandi. Hérlandis er því háttað þannig að samkvæmt lögum um getraunir (nr. 59/1972) þá eiga lottótekjur að skiptast til UMFÍ (20%) og ÍSÍ (70%) auk íþróttasjóðs á vegum ríkisins (10%). Tekjum af getraunum er því ráðstafað til íþróttastarfs en ekki ungmennastarfs hér á landi og verða því ekki til nánari umfjöllunar í þessari skýrslu.

4. Aðferðafræði

Þær spurningar sem rannsóknin lagði til grundvallar kröfðust blandaðs rannsóknarsniðs. Byggist rannsóknin því á bæði eigindlegri og megindlegri aðferðafræði. Í því fólst hefðbundin heimildavinna, öflun ársreikninga, rekstrar-samninga og annarra opinberra gagna. Einnig voru spurningalistar unnir fyrir bæði skoðanakönnun og hálfstöðluð viðtöl.

4.1. Þáttakendur

Rannsóknin tekur til alls 38 félaga; þ.e. heildarsamtakanna tveggja LUF og ÆV, 33 aðildarfélag LUF (miðað við félagafjölda í júlí 2020) og 3 aðildarfélag ÆV, sem öll sinna starfsemi sem fellur undir gildissvið æskulýðslaga. Greining í kafla 5.1. um fjárlög og ríkisreikning tekur til málaflokksins í heild, en greining á kafla 5.2. tekur einungis til aðildarfélag LUF.

Landsbjörg, aðildarfélag ÆV, er ekki tekin með í greiningu þar sem starfsemi þeirra fellur ekki undir skilgreiningu æskulýðslaga (70/2007) á skipulögðu barna- og ungmennastarfi né fellur undir fjárlagalið málaflokksins. En hlutverk Landsbjargar skv. samþykktum félagsins er: „að reka öflugt björgunar- og slysa- varnastarf.“ (Lög Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, e.d.). Því er Landsbjörg ekki talið samanburðarhæft í þessari rannsókn þar sem hlutverk þess skýrir háar tekjur félagsins sem rennur að mestu til þessa nauðsynlega starfs. Því skal þó haldið til haga hér að innan Landsbjargar fer einnig fram mikilvægt og öflugt ungmennastarf, þrátt fyrir að það sé ekki megintilgangur félagsins.

Mörg aðildarfélög LUF eru landssamtök og fjölmörg undirfélög þeirra starfa utan höfuðborgarsvæðisins. Til þess að auka skilning á þeirri stöðu voru tekin viðtöl af handahófi við stjórnarmenn nokkurra aðildarfélag LUF sem eru með virka starfsemi á landsbyggðinni. Þátttakendur voru fimm einstaklingar frá fjórum félögum úr hverjum landsfjórðungi, að gættu jöfnu kynjahlutfalli. Viðmælendur voru formenn SUB (Suðurland), SUF (Vesturland) og UU (höfuðborgarsvæðið) ásamt varaformanni UVG (Austurland) og stjórnarmanni í UVG (Norðurland).

4.2. Framkvæmd

Vinnsla rannsóknar hófst í lok júní 2020 með hefðbundinni heimildavinnu og var þá rannsóknarramminn skilgreindur. Spurningalisti var hannaður í kjölfarið og sendur út samhliða beiðni um ársreikninga.

Spurningalistinn samanstóð af spurningum sem nýst gátu við greiningu á rekstrarstöðu félaganna. Spurt var um tekjuliði, útgjaldaliði, hvort félagið væri í fjárhagsvanda, ef já, hversu mikið fjármagn félagið þyrfti til að mæta starfsemi á ársgrundvelli, hver væri fjöldi félagsmanna og aldursbil þeirra, hverjir væru helstu tekjumöguleikar félagsins á komandi ári, hverjar væru helstu áskoranir í starfsemi félagsins og loks hvers konar þjónusta frá LUF gæti nýst félaginu best. Svarúrtak könnunnarinnar var 82 prósent eða 27 aðildarfélög LUF af 33. Aðeins fengust ársreikningar frá 13 félögum. Úrtak rannsóknarinnar eru því þau 27 aðildarfélög sem svöruðu spurningalistanum.

Við úrvinnslu niðurstaðna voru félögin flokkuð eftir rekstrarformi og eðli starfseminnar. Þannig var betur hægt að bera saman tekjur félaga sem starfa með ólíkum hætti. Til að greina úrtakið sem hér er til skoðunar, voru félög fyrst flokkuð eftir sviðum og loks eftir stjórnskipulagi. Sviðin eru byggð á undirdeildum heildarsamtakanna LÆF frá árinu 2004 með nokkrum breytingum. (Þinggerð LÆF 2004; Æskulýðssamtökin, 2004).

Sviðin eru eftirfarandi: stjórnmalahreyfingar, ungmennaráð, alþjóðasamtök, námsmannahreyfingar og önnur ungmennafélög.

Rannsókn á ytri skilyrðum félaganna byggir á opinberum gögnum, þ.e. (1) Svári mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn um skiptingu úthlutana til æskulýðsfélaga, (2) Út frá gögnum úr ríkisreikningi frá 2004 til 2016, (3) Miðað við nýjustu fjárlög og (4) Úthlutanir úr Æskulýðssjóði. Við greiningu var einnig stuðst við 11 opinbera rekstrarsamninga félaga við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Fyrirliggjandi gögn voru flokkuð og sett upp í töflureikni til að veita samanburð.

Við vinnslu á greiningu á innra rekstrarumhverfi voru þau félög sem svöruðu höfð til skoðunar. Þannig var stuðst við svarúrtak könnunnarinnar til að greina rekstrarumhverfið. Niðurstöður könnunnarinnar voru loks settar fram í töflureikni og greindar eftir sviðum og stjórnskipulagi. Sérstakur spurningalisti var hannaður fyrir stjórnarmenn utan höfuðborgarsvæðisins. Hálfstöðluðu viðtölin voru á bilinu 8-10 mínútur og voru tekin símleiðis í byrjun ágúst. Í kjölfarið voru viðtölin hljóðrituð, afrituð, kóðuð og niðurstöður þeirra loks skrásett.



5. Greining

Greining rannsóknarinnar skiptast í: (1) opinberar fjárveitingar, (2) innra rekstrarumhverfi og (3) landsbyggðin. Fyrst verður fjallað um opinberar fjárveitingar til málaflokksins í heild og síðan verða niðurstöður eftir flokkun félaga eftir eðli starfsemi þeirra kynntar. Í lokin verður gert grein fyrir stöðu ungmennafélaga á landsbyggðinni.

5.1. Opinberar fjárveitingar

Stjórnvöldum ber lögbundin skylda til þess að tryggja aðgengi ungs fólks að fjölbreyttu „æskulýðsstarfi“ í samstarfi við félög og samtök, skv. 3.gr. æskulýðslaga (nr.70/2007). Þá eiga framlög ríkissjóðs til starfsemi „landssamtaka æskulýðsfélaga“ að taka mið af ákvörðunum Alþingis, auk þess sem Alþingi skal veita árleg framlög til Æskulýðssjóðs „til eflingar æskulýðsstarfs“. Þó skal tekið fram að „landssamtök æskulýðsfélaga“ eru ekki skilgreind sérstaklega í lögnum. Þessi kafli leitast við að svara hvort stjórnvöld sinni þessari lögbundnu skyldu með því að varpa ljósi á skiptingu fjárframlaga til málaflokksins. Annars vegar í gegnum beinar fjárveitingar skv. samningum og í gegnum ráðuneyti en hins vegar í gegnum Æskulýðssjóð.

5.1.1. Fjárlög og ríkisreikningur

Gríðarlegt ógagnsæi er í fjárframlögum til málaflokksins síðustu ár og erfitt er að bera saman gögn langt aftur í tímann og sérstaklega til dagsins í dag. Annars vegar skortir oft á tíðum sundurliðun til að gagnsæi sé nægjanlegt og hins vegar er samanburður yfir tíma bundinn vandkvæðum þar sem framsetning fjárlaga og ríkisreiknings breyttist með tilkomu nýrra laga um opinber fjármál árið 2016. Hér verður því horft á stöðuna með þrennum hætti: (1) Svari mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn um skiptingu úthlutana til æskulýðsfélaga, (2) Út frá gögnum úr ríkisreikningi frá 2004 til 2016 og (3) Miðað við nýjustu fjárlög.


Á 145. löggjafarþingi 2015-2016 gerði Illugi Gunnarsson, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, grein fyrir skiptingu úthlutana á fjárlögum til æskulýðsfélaga (fjárлагalið 02-988) í svari við fyrirspurn Ástu Guðrúnar Helgadóttur, þingmanns Pírata. Upplýsingar um úthlutanir á fjárlögum hins opinbera til einstakra félaga og samtaka höfðu verði erfitt að nálgast og ekki teknar saman yfir lengri tímabil.

Í svari ráðherra kemur fram að undir þann fjárлагalið falla eftirfarandi undirliðir: UMFÍ, BÍS og KFUM og KFUK og einnig til Æskulýðsráðs ríkisins, Æskulýðsrannsóknna og Æskulýðssjóðs (þingskjal 1260/2015-2016). Mynd 1 sýnir skiptingu þessara undirliða.

Eins og sjá má urðu ekki ýkja miklar breytingar á tímabilinu. Þær helstu voru að mikill niðurskurður eftir hrun og að útgjöld tóku við sér á ný á árunum 2014 til 2016. Innbyrðis var helsta breytingin sú að hlutdeild BÍS hefur aukist nokkuð jafnt og þétt úr 15% 2006 í 23% árið 2016 á meðan hlutdeild annarra stóð í stað eða minnkaði.

Útgjöld ríkisins til æskulýðsmála (m.kr. á verðlagi 2020)

Svar á Alþingi



Heimild: Fyrirspurn á Alþingi

Mynd 1 - Útgjöld ríkisins til æskulýðsmála skv. svari ráðherra


Líkt og fyrr segir virðast upplýsingar í svari ráðherra ekki gefa fyllilega mynd á útgjöldum til málaflokksins. Þess vegna eru hér líka tekin saman gögn upp úr ríkisreikningi á mynd 2. Munurinn er einkum þrennskonar. Í fyrsta lagi er um að ræða rauntölur skv. ríkisreikningi en ekki fjárlög og í öðru lagi koma til skjalanna aðrir liðir (annað) sem flokkast að mestu leyti einfaldlega sem æskulýðsmál í ríkisreikningi. Sá liður var fram til 2011 um og yfir 10 milljarðar króna á ári en ekki er ljóst af gögnum Fjársýslunnar að dæma hvernig þeim var ráðstafað. Það sem fellur undir annað eftir 2011 er ríflega 5 m.kr. árlegt framlag til SÍF. Loks eru til samanburðar útgjöld til LUF frá árinu 2011, sem ekki er hægt að finna í ríkisreikningi. ÆV er ekki haft með í mynd 2 vegna skorts á upplýsingum.



Þó að gögnin séu nokkuð frábrugðin er stóra myndin hér sambærileg þeirri sem birtist á mynd 1 og drógust útgjöld til málaflokksins saman um þriðjung frá hápunktinum árið 2007. Það vekur athygli að aðeins þrjú félög sem tilheyra ÆV hafi árið 2016 hlotið sjöfalt meiri framlög heldur en allir aðrir, eða 91% af heildarúthlutun til málaflokksins 2016. Sökum þess að Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) er það félag sem hefur fengið mest af fjárframlögum ríkisins sem varið er til þess málaflokks sem hér um ræðir, helming útgjalda 2016, er við hæfi að taka fram að tilgangur félagsins er „ræktun lýðs og lands“. Í kafla um hlutverk í samþykktum UMFÍ er hvergi tekin fram nokkur áhersla á ungmenni, en þó er talað um að „glæða með þjóðinni tryggð og rækt við heimili sín, átt Haga og ættjörð“ (UMFÍ, 2019). Til samanburðar var LUF, hagsmunafélagi ungs fólks sem þjónar hlutverki „National Youth Council“, fyrst úthlutað af fjárlögum árið 2011 og fékk félagið t.a.m. aðeins 2% af því sem ríkið varði til ungmennastarfs árið 2016.

Útgjöld ríkisins til æskulýðsmála (m.kr. á verðlagi 2020)

Gögn Fjársýslunnar auk framlag til LUF frá 2011



Heimild: Fjársýsla ríkisins og LUF


Mynd 2 - Útgjöld ríkisins til æskulýðsmála skv. ríkisreikningi

Þegar kemur loks að því að skoða þróunina síðustu ár flækist málið enn frekar. Engar heildstæðar upplýsingar er að finna um framlög til málaflokksins eftir 2016 þar sem honum er blandað við íþróttamál. Þannig er ekki hægt að segja með vissu hver þróunin hefur verið, sem skapar ótækt ógagnsæi í fjárveitingum ríkisins. Þá er vakin athygli á því að árið 2018 breyttist titill félags- og jafnréttismálaráðherra í félags- og barnamálaráðherra. Þó að breytingin hafi verið fyrst og fremst til að leggja áherslu á málefni barna er ekki hægt að útiloka að með því hafi, eða muni síðar, málefni sem ættu að teljast í þessari samantekt heyra þar undir en ekki mennta- og menningarmálaráðuneytið. Við þá breytingu var ráðgert að endurspeglar áform stjórnvalda um aukna áherslu á málefni barna og ungmenna (Þingskjal nr. 115/2018-2019).


Á mynd 3 má sjá lítið yfirlit yfir útgjöld til æskulýðsmála árin 2020 og 2021. Þar sést annars vegar að vægi íþróttá- og æskulýðsstarfs í útgjöldum ríkisins er að minnka um 13% í ár. Hafa skal í huga að hér er íþróttastarf og fleira meðtalið, enda ekki til nánari sundurliðun að svo stöddu, og eru fjárframlög 2021 1.243 milljónir króna sem er 2% samdráttur að nafnviði frá 2020. Hins vegar má sjá fyrirbyggjandi samninga á sviði „æskulýðsmála“ skv. greinargerð með fjárlagafrumvarpi 2021. Ef þeir samningar eru bornir saman við myndir 1 og 2 má sjá að dreifing fjármuna er svipuð og áður. Til marks um það fær UMFÍ ríflega helming þeirra fjármuna sem ríkið ver til ungmennastarfs, þrátt fyrir að gengið var út frá þeirri grundvallarforsendu að félagið flokkaðist sem íþróttafélag og heyrði því ekki undir æskulýðslög í greinargerð sem skapar ótækt ógagnsæi í fjárveitingum ríkisins.



Hlutdeild íþróttá og æskulýðsstarfs í útgjöldum ríkisins



Samningar skv. fjárlögum 2021 (m.kr.)



Heimild: Fjárlög 2020 og fjárlagafrumvarp 2021 (Alþingi). *Í ríkisreikningi 2019 hefur komið fram að samningur við Snorrasjóð teljist til æskulýðsmála. Samkvæmt heimasíðu Snorrasjóðs virðist markmið þess fyrst og fremst vera að fjármagna ferðalög Vestur-Íslendinga til Íslands.

Mynd 3 - Útgjöld ríkisins til æskulýðsmála 2020 og 2021.

Sem fyrr segir er nær ómögulegt að fá fulla heildarmynd um útgjöld til málaflokksins skv. upplýsingum frá stjórnvöldum. Sem fyrr segir skal það ítrekað að það skapar ótækt ógagnsæi og óvissu um fjárveitingar; jafnt milli málefna sviða og innan einstakra sviða. Þess má geta að á grundvelli upplýsingalaga ber stjórnvöldum m.a. að veita upplýsingar um starfsemi sína með reglubundnum hætti, sbr. 1. mgr. 13. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Í ríkisreikningi 2019 kemur fram að samningar og styrkir til æskulýðsmála hafi numið 255 m.kr. árið 2019. Engar upplýsingar er að finna um sundurliðun þessara fjármuna í ríkisreikningi 2019 en aftur á móti má finna sundurliðun um samninga og styrki árið 2020 í takt við hægri hluta myndar 3. Samanlögð upphæð þeirra samninga er 236 m.kr. og því annað hvort verulegur niðurskurður í málaflöknum árið 2020 eða þá að upp á vantar a.m.k. 19 milljónir króna sem renna til æskulýðsmála eða eru óútskýrð. Til viðbótar má nefna að skv. könnun meðal aðildarfélaganna LUF fengu SÍNE, AUS og SÍF úthlutað 13,5 m.kr. frá ríkinu 2020 en sé horft á fjárlög og fjárlagafrumvarp fyrir það ár er ekki hægt að sjá hvaðan þeir fjármunir bárust.

Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna áherslur stjórnvalda þegar litið er til skiptingu framlaga úr ríkissjóði til æskulýðsmála og ungmennastarfs.

Áherslan er nánast einungis lögð á að fjárstyðja rekstrargrundvöll félaga sem sem sinna íþróttá- og tómstundastarfi með börnum á meðan allt annað ungmennastarf situr á hakanum, t.d. réttindabarátta og hagsmunastarf ungs fólks. Félög sem leidd eru af ungu fólki og starfa fyrir ungt fólk eru skilin eftir úti í kuldanum. Sú áhersla er á skjön við þær skyldur sem æskulýðslög leggja á stjórnvöld, um að „stuðla að því að ungt fólk eigi þess kost á að starfa að æskulýðsmálum við sem fjölbreyttust skilyrði“. Ríkinu ber einnig lögbundin skylda til þess að setja fjármagn í Æskulýðssjóð sem er fastur liður á fjárlögum og því verður fjallað um hann sérstaklega.

5.1.2. Úthlutanir Æskulýðssjóðs


Æskulýðssjóður er samkeppnissjóður á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á vegum „æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.“ Verkefnin skulu felast í að vera unnin fyrir börn og ungmenni (6-25 ára) og/eða með virkri þátttöku þeirra, þjálfun forystufólks, leiðbeinenda, sjálfboðaliða, nýjungar-, þróunar- og samstarfsverkefni. Mennta- og menningarmálaráðherra úthlutar styrkjum eftir tillögum stjórnar Æskulýðssjóðs (Rannís, e.d). Þegar litið er til mynda 1 og 2 má sjá að fremur litlum fjármunum hefur verið varið til sjóðsins, t.d. um 5% af heildarfjárframlögum til æskulýðsmála árið 2016.

Sjá má úthlutanir sjóðsins að raunvirði árin 2008 til 2020 á mynd 4 en þær hafa verið á verðlagi 2020 legið á bilinu 9 til 21 milljón króna. Bróðurpartur úthlutana á tímabilinu, eða 52%, hafa runnið til ÆV og aðildarfélaga þess. Síðustu ár hefur þó orðið breyting á og hafa úthlutanir til LUF og aðildarfélaga aukist hlutfallslega síðustu fimm ár eða svo. Í þessu samhengi er vert að nefna að aðildarfélög LUF eru 36 eða nífalt fleiri en aðildarfélög ÆV.⁵ Einnig er mikilvægt að hafa í huga að önnur ríkisframlög renna að langmestu leyti líka til aðildarfélaga ÆV eins og komið hefur fram í kafla 5.1.1. Leiða má miklar líkur að því að það misvægi skapi félögum ÆV forskot í samkeppni um fjármuni úr Æskulýðssjóði, enda hægt að ná stærðarhagræði til að sinna fleiri verkefnum ef ríkisstuðningur er jafn ríkulegur og í tilfelli félaga ÆV.

⁵ Hér skal haldið til haga að aðildarfélög heildarsamtakanna tveggja eru landssamtök sem samanstanda einnig af fjölda aðildarfélaga. Innan ÆV er t.d. BÍS sem samanstendur af 25 svæðisbundnum skátafélögum og innan UMFÍ eru 38 sambandsaðilar sem skiptast í 21 íþróttahéröð og 7 íþróttafélög (UMFÍ; BÍS, e.d.). Innan LUF er t.d. SÍF regnhlíf 32 nemendafélaga framhaldsskólanna og Samfés tilheyra 125 félagsmiðstöðvum og ungmennahúsum á landsvísu (SÍF; Samfés, e.d.).



Úthlutanir úr æskulýðssjóði eftir heildarsamtökum (m.kr. á verðlagi 2020)



Heimild: Æskulýðssjóður, LUF og ÆV


Mynd 4 - Úthlutanir úr Æskulýðssjóði 2008-2020

Mynd 4 sýnir aðeins grófa flokkun á því hverjir fá úthlutað úr sjóðnum og því er gagnlegt að líta líka til hvers og eins félags sem hefur fengið úthlutað, en á tímabilinu voru það 145 félög talsins. Ef úthlutanir til þessara félaga eru flokkuð saman ásamt heildarsamtökum sést hverjir hafa fengið mest úthlutað á mynd 5. Þar er meginniðurstaðan í raun sú sama: Félög sem tilheyra ÆV hafa fengið meira úthlutað heldur en þau sem tilheyra LUF.

Þegar litið er til hvers félags fyrir sig kemur ýmislegt athyglisvert í ljós. Til dæmis fékk Samfés úthlutað úr sjóðnum í fyrsta skiptið árið 2019, þrátt fyrir ítrekaðar umsóknir í sjóðinn frá árinu 2007. Rökstuðningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins byggðist á sama málflutningi og olli klopningi ÆV úr LÆF sem greint hefur verið frá í kafla 2.3. Byggðust synjanir á umsóknum Samfés á því að félagsmiðstöðvar séu stofnanir sveitarfélaga, þ.e. á því hvernig aðild að samtökunum sé háttáð. Þrátt fyrir að hvergi í reglum sjóðsins kemur fram að samtök sem rekin eru af fé frá sveitarfélögum geti ekki sótt um styrk. Í skilyrðum sjóðsins er þó skýrt kveðið á um að „ekki er gert ráð fyrir að hefðbundin íþróttafélög sækji um verkefni sem snúa að íþróttastarfssemi“ (Æskulýðssjóður; Samfés, bréf, 19. júlí 2018).

Ef tekið er mið af rökstuðningi ráðuneytisins byggða á hvernig aðild að félögum er háttað, ætti UMFÍ ekki að uppfylla skilyrði sjóðsins um úthlutun í ljósi þess að aðildarfélög þess eru hefðbundin íþróttafélög og íþróttahéröð. Þrátt fyrir það vermir UMFÍ þriðja sætið á lista yfir þau félög sem mest hafa fengið úr sjóðnum á tímabilinu 2008-2020 líkt og mynd 5 sýnir.

Samanlagðar úthlutanir úr æskulýðssjóði 2008-2020 (m.kr. efstu 10*)



Heimild: Æskulýðssjóður, LUF og ÆV. *Flokkast í mikilli sundurliðun svo t.d. ungmennaráð og landshlutafélag, teljast því ekki með hér. 145 mismunandi aðilar hafa fengið úthlutað úr sjóðnum á tímabilinu

Mynd 5 - Samanlagðar úthlutanir úr æskulýðssjóði 2008-2020

ÆV undir forystu UMFÍ, vermir fyrsta sætið með 11,7 m.kr. á tímabilinu. Aðeins LUF og þrjú félög sem því tilheyrir hafa náð á topp tíu listann. Þar með endurspeglar úthlutanir úr Æskulýðssjóði þá skiptingu fjárframlaga samkvæmt fjárlögum og ríkisreikningi. Æskulýðssjóður ýkir misvægið þar sem stjórnvöld stilla ungum sjálfboðaliðum upp í samkeppni við launað og hæft starfsfólk fjársterkustu félaganna.

Hér er um að ræða sterka vísbendingu um að komið sé í veg fyrir nýsköpun, framþróun í geiranum og að hindranir séu til staðar fyrir ný félög að byggja upp starfsemi frá grunni. Næst verður því fjallað um innra rekstrarumhverfi aðildarfélaganna LUF.



5.2. Innra rekstrarumhverfi

Greining á innra rekstrarumhverfi aðildarfélaga LUF skiptist í: *stjórnmalahreyfingar, ungmennaráð, alþjóðasamtök, námsmannahreyfingar og önnur ungmennafélög*. Hér verður gert grein fyrir niðurstöðu könnunar um fjárhagsstöðu aðildarfélögum LUF eftir þessum flokkum sem byggir á eðli starfseminnar.

5.2.1. Úthlutanir Æskulýðssjóðs

(SUF, UJ, UP, Uppreisn og UVG)

Tekjustofn ungliðahreyfinga stjórnmalaflokka er tryggður með rekstrar-samningum og styrkveitingum frá móðurhreyfingu þeirra. Helstu útgjaldaliðir félaganna eru viðburðahald, auglýsingar og alþjóðastarf. Helstu fjárhagslegu áskoranirnar sem í ljós komu voru ferðakostnaður, sem hindrar sér í lagi uppbyggingu starfsemi samtakanna á landsbyggðinni.

5.2.2. Ungmennaráð

(Núll prósent - unglíngahreyfing IOGT, UNF, Ungheill, Unghugar Hugarafis, Stamfélagið - Ungliðahreyfing Málbjargar, Ungmennaráð UNICEF, Ungmennaráð Þroskahjálpar, URKÍ, Ungliðahreyfing ÖBÍ og Æskan barnahreyfing IOGT)

Ungmennaráðin vinna eftir mismunandi stjórnskipulagi innan móðurfélaganna, þ.e. félagasamtökunum sem þau tilheyra. Aðeins þau ungmennaráð sem eru sjálfstæð frá móðurhreyfingunni geta fengið fulla aðild að LUF. Félög sem hafa sjálfstæðan fjárhag og þar með fulla aðild eru: Núll prósent - unglíngahreyfing IOGT, UNF, Ungmennaráð UNICEF, URKÍ, og Æskan barnahreyfing IOGT. Þau félög sem hafa áheyrnaraðild og eru deildir innan móðurhreyfingarinnar eru: Ungheill, Unghugar Hugarafis, Ungliðahreyfing Málbjargar, Ungmennaráð Þroskahjálpar og Ungliðahreyfing ÖBÍ.

Ungmennaráðin eiga það sameiginlegt að fjárhagur flestra þeirra byggist að mestu á framlögum frá móðurfélaginu. Ungmennaráðin sækja verkefnastyrki úr ýmsum samkeppnissjóðum. Tvö af þeim fjórum félögum sem svöruðu töldu að félagið glími við fjárhagsvanda, voru það félögin Æskan - barnahreyfing IOGT og Núll prósent - unglíngahreyfing IOGT, sem byggir að mestu á fjárhögum móðurhreyfingarinnar.

5.2.3. Alþjóðasamtök

(AFS, AIESEC, AUS, Breytendur, CISV, JCI, SEEDS og UE)

Tvenns konar félög tilheyra sviði alþjóðasamtaka, annars vegar félög sem einbeita sér að alþjóðlegum ungmennaskiptum: AFS, AIESEC, AUS, CISV og SEEDS og hins vegar blönduð félög sem tilheyra alþjóðlegri heild: JCI, Breytendur og UE. Niðurstöðurnar benda til þess að Íslandsdeildir alþjóðasamtaka glími við fjárhagsvanda.

Tvö af þeim fimm félögum sem sinna barna- og ungmennaskiptum voru í svarúrtakinu, AFS og AUS. Bæði félög hafa skilað taprekstri á seinustu árum og taldi AUS að helsta áskorun í rekstri félagsins sé að vinna upp rekstrartap félagsins frá fyrri árum. Tekjustofn AFS byggir á þátttökugjaldi í skiptinám sem er breytilegt milli ára. Tekjustofn AUS byggir á þrem stöðum, verkefnastyrkjum Erasmus+ (65% tekna,) styrkjum frá ríkinu (10-15% tekna) og með eigin fjáröflun (10-15% tekna). Þá skiptast helstu útgjöld félaganna í laun og launatengd gjöld, rekstur sjálfbóðaliða á Íslandi, s.s. leigukostnaður og námskeið. Hjá AUS kom fram að kostnaður við verkefni sjálfbóðaliða væri 80% af útgjöldum og annar rekstrarkostnaður 20%.

Félögin töldu að mikið áfall hefði orðið í rekstri félaganna í kjölfar ferðatakmarkana vegna útbreiðslu COVID-19. AFS mat sem svo að 10 m.kr. fjárveiting myndi tryggja rekstur félagsins og að félagið hygðist mæta þessum umframkostnaði annað hvort með umsóknum um verkefnastyrki eða lántöku. Þá kom fram að AUS hefði dregið úr starfseminni til að mæta taprekstri með því að lækka starfsgildi úr einu í 0,5 og dregið úr leigukostnaði með flutningi á skrifstofu.

Blönduð félög standa jafnframt höllum fæti. Bæði Breytendur og UE eru tekju- og útgjaldalaus og einfaldlega ekki lengur starfandi. Í svari Breytenda kom í ljós að þegar félagið var starfandi var starfsmaður í 20% vinnu og var launakostnaði mætt með framlagi frá Hjálparstarfi kirkjunnar. Þá var það metið sem svo að lágt starfshlutfall hafi leitt til þess að ekki var fjárhaglegt bolmagn til að sækja um í samkeppnissjóði á borð við Æskulýðssjóð. Breytendur voru hluti af alþjóðlegri heild (e. Changemakers) og í samtali forsvarsmanns Breytenda við systurhreyfingar félagsins á Norðurlöndunum kom í ljós að „helst þyrfi tvo starfsmenn til að tryggja að starfsemin gæti dafnað“. Mat forsvarsmanns Breytenda er að til þess að mæta starfseminni og tryggja nýliðun þyrfti félagið um 6 m.kr. á ársgrundvelli til að standa straum af launakostnaði fyrir eitt starfsgildi.



JCI byggir helstu tekjur sínar á félagsgjöldum, útseldri vinnu við fundarstörf og helstu útgjaldaliðir eru félagsgjöld til höfuðstöðva og erlent samstarf. Þá taldi JCI félagið standa frammi fyrir fjárhagsvanda en að árlegt viðbótarfjármagn á bilinu 2-3 m.kr. myndi tryggja öruggan rekstur.

Óvissa í rekstri alþjóðasamtaka veldur því að félögin eru afar viðkvæm fyrir ytri áföllum á borð við heimsfaraldur vegna Covid-19.

5.2.4. Námsmannahreyfingar

(SHÍ, SÍF og SÍNE)

Samanlagður fjöldi félagsmanna námsmannahreyfinganna er um 36 þúsund manns. Öll félögin meta sem svo að þau glími við rekstrarvanda vegna ónægra tekna. Töldu þau öll tekjustofn ekki nægilegan til að sinna hlutverki félagsins, skyldum á grundvelli samþykka og laga sem og mæta þjónustubörf félagsmanna.

Til að gera grein fyrir rekstri félaganna er vert að líta á ólíka tekjustofna þeirra:

- **SHÍ er með þjónustusamning við Menntasjóð námsmanna (áður Lánasjóð íslenskra námsmanna) og Háskóla Íslands sem og fær framlög frá ýmsum samstarfsaðilum og auglýsingatekjur.**
- **SÍF er með þjónustusamning við mennta- menningarmálaráðuneytið (9 m.kr. á ári, 2019-2023) og við Menntasjóð námsmanna (1,390 m.kr. á ári) og hefur auk þessi fengið styrki úr ýmsum samkeppnissjóðum.**
- **SÍNE byggir tekjur sínar á þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið (2 m.kr. á ári, 2019-2023) og Menntasjóð námsmanna ásamt félagsgjöldum.**

Helstu útgjöld félaganna eru launakostnaður. SHÍ er með þrjú starfsgildi sem skipt er milli sjö starfsmanna, SÍF með eitt starfsgildi sem skipt er milli tveggja starfsmanna og vegna tekjubrests undanfarin ár hefur SÍNE misst það eina starfsgildi sem félagið hafði og því er félagið nú eingöngu rekið með framlagi sjálfboðaliða. Starfsemi SÍNE er þess eðlis að hún krefst starfsmanns og eru vonir bundnar við að hægt verði að ráða aftur starfsmann til félagsins.

Helstu áskoranir í rekstri félaganna eru fjármagnsskortur og óvissa í rekstri. SÍF og SÍNE bentu á að grunntekjur félaganna stæðu ekki undir þeim starfsmannakostnaði sem þarf til að mæta þjónustubörf og hindrar það vöxt félaganna. Öll verkefni SÍF byggjast á óreglulegum verkefnastyrkjum úr samkeppnissjóðum og fer gríðarleg vinna tveggja starfsmanna, í samtals einu stöðugildi, í að sækja um styrki upp á von og óvon.

5.2.5. Önnur ungmennafélög

(FUJ, Hugrún geðfræðslufélag, Samfés, SUB, UAK, Ungir fjárfestar og UU)

Samfés er að kljást við sambærilegar áskoranir og námsmannahreyfingarnar, t.d. óvissu í rekstri og fjármagnsskortum. Enda byggist Samfés á sambærilegu stjórnskipulagi og á álíka stærðargráðu og þau félög. Í raun býr Samfés yfir algjörri sérstöðu og því varla samanburðarhæft við önnur félög. Samfés byggir tekjur félagsins nær eingöngu á tekjum af miðasölu á viðburðinum „SamFestingurinn“. Tekjur koma þó einnig inn í gegnum félagsgjöld frá aðildarfélögum, þ.e. félagsmiðstöðvum sem fjármagnaðar eru af sveitarfélögum, einkareknum skólum og ungmennahúsum. Samfés er ekki með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið líkt og önnur félög af sömu stærðargráðu. Samfés er með 1,6 starfsgildi sem skipt er milli tveggja starfsmanna en fram kom að undanfarin misseri hefur eftirspurn aðildarfélaga eftir þjónustu, aukinni fræðslu og aðstoð farið vaxandi en vegna skorts á fjármagni hafa þau ekki getað mætt því.

Undir önnur ungmennafélög falla ýmis hagsmunafélög. Helsti tekjustofnar þeirra eru félagsgjöld, styrkir og fjáraflanir og sýndu meginleg gögn að tekjur félaganna séu á bilinu 0 - 4,5 m.kr. Af þessum félögum hafa einungis UU hlotið úthlutun frá hinu opinbera í formi verkefna- og rekstrarstyrks frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, upphæðir á bilinu 150 þúsund - 2 m.kr. á tímabilinu 2014-2020. Hugrún tryggir rekstur sinn með fjáröflunum og styrkjum, UAK og SUB með félagsgjöldum og styrkjum og Ungir fjárfestar með styrkjum frá bönkum. Samkvæmt fyrrverandi stjórnarmanni FUJ er félagið ekki lengur starfandi þar sem ómögulegt hefur reynst félaginu að sækja fjármagn.



5.3. Landsbyggðin

Fram kom í viðtölum við stjórnarmenn sem starfa innan virkra aðildarfélag LUF á landsbyggðinni (eins og greint er frá í 4.1) að þau mæti ýmis konar hindrunum sem koma í veg fyrir að þau geti beitt sér af fullum krafti í hagsmuna- og félagasamtökum ungs fólks. Viðmælendur voru allir á þeirri skoðun að mikilvægt væri að halda úti starfsemi sem víðast um landið og komu með ýmis rök til að styðja mál sitt. Meðal kostanna við öfluga starfsemi um allt land var nefnt að fjölbreytileiki og víðsýni væri meiri en á höfuðborgarsvæðinu, aukið tengslanet og að ólíkt fólk úr ólíkum áttum fái að sameina krafta sína. Helstu hindranir sem viðmælendur stóðu frammi fyrir þegar kemur að því að efla félagsstarf á landsbyggðinni voru *vegalengdir, ferðakostnaður og skortur á virkum félagsmönnum*.

Kostnaðurinn sem fylgir löngum ferðum á viðburði eða fundi á vegum ungmennafélaga getur verið töluverður. Mismunandi er hvort félög styrki félagsmenn eða ekki og er heldur ekki sjálfsagt að ungmenni hafi aðgang að bíl eða séu með bílpróf. Einn viðmælandinn greindi frá því að helgarferð á ársþing síns félags hefði kostað um 50 þúsund krónur en á móti hafi viðkomandi fengið styrk upp á 10 þúsund krónur. Slíkur styrkur hrekkur því skammt fyrir t.d. námsmenn og aðra sem þurfa að velta fyrir sér hverri krónu.

Allir viðmælendur nefndu skort á virkum félagsmönnum á landsbyggðinni og enn fremur að ungt fólk vissi ekki hvert það ætti að leita til þess að taka þátt í starfi ungmennafélaga. Flestir viðburðir ungmennafélaga fara fram í Reykjavík eða nágrenni og skortur er á tækifærum til þess að kynnast starfi ungmennafélaga í heimabyggð. Viðmælendur áttu það flestir sameiginlegt að hafa þurft að bera uppi starfsemi ungmennafélags í sínu bæjarfélagi eða landsfjórðungi og fram kom í viðtölum við þá að slíkt fyrirkomulag gengi ekki upp til lengdar án nýrra meðlima sem tækju við keflinu eða deildu ábyrgð.

Einnig kom fram að þó svo að öflugur félagsmaður væri staðsettur á ákveðnu svæði, þá væri erfitt að fá ungt fólk í lið með viðkomandi og því þyrfti að starfa meira með þeim sem eru staðsettir í borginni. Þetta fyrirkomulag hentar illa og einn viðmælandi lýsti þessu vel með orðunum: „Mér leið alltaf svolítið eins og ég stæði fyrir utan og væri að horfa inn um glugga þegar fundir eða viðburðir voru haldnir. Ég sá alla starfsemina en ég gat einhvern veginn ekki tekið þátt í henni”.

Þegar viðmælendurnir voru beðnir um að nefna hvað gæti mögulega ýtt undir frekari þátttöku fólks af landsbyggðinni og bæta úr stöðu ungmennafélaga úti á landi komu nokkrar hugmyndir fram eins og *ferða- og akstursstyrkir, bætt aðgengi fyrir nýliða og tengiliðir á vegum félaga*.

Til að geta beitt sér að fullu í starfi ungmennafélaga töldu nokkrir viðmælendur að best væri að greiða félagsmönnum í ungmennafélögum styrk til að koma til móts við þá vegna langra ferðalaga á viðburði. Tvö af þeim fjórum félögum sem viðmælendur tengdust, UVG og UU, greiða, að hluta til eða öllu leyti, fyrir ferðalög félagsmanna sinna á viðburði á vegum félagsins.

Einnig var nefnt að erfitt væri að nálgast félagsstarfið fyrir þá sem eru staðsettir á landsbyggðinni og vilja taka þátt í starfi ungmennafélaga. Lögð var áhersla á að koma drífandi ungu fólki inn í félögin sem gætu hjálpað til við að fjölga félagsmönnum. Einnig var talið mikilvægt að hafa tengilið á vegum félaga sem gæti leiðbeint áhugasömum ungmönnum og komið þeim af stað í starfinu. Viðmælendur töldu að ástæða þess að lítil nýliðun ætti sér stað úti á landi væri sú að ungt fólk væri einfaldlega feimið eða ætti í erfiðleikum með að koma sjálfu sér á framfæri og því væru slíkir tengiliðir mikilvægir til að leiðbeina nýliðum. Bendir þessi niðurstaða til þess að þjónusta LUF og aðildarfélaga þess við ungmenni utan höfuðborgarsvæðisins sé verulega ábótavant.

6. Niðurstöður og tillögur

Í því sem hér fór á undan hefur ljósi verið varpað á stöðu ungmennageirans og greining verið framkvæmd á rekstrarumhverfi ungmennafélaga á Íslandi. Til að ná markmiði rannsóknarinnar voru lykilhugtök skilgreind og málaflokkurinn settur í sögulegt samhengi. Þá var rekstrarumhverfi ungmennafélaga á Norðurlöndunum gerð skil og loks var rannsókn framkvæmd með blandaðri aðferð. Framkvæmd hefur verið greining á fjárveitingum til málaflokksins og innri fjárhag ungmennafélaga. Með hliðsjón af skiptingu fjárframlaga stjórnvalda til málaflokksins var leitast við að svara spurningunni: *sinna íslensk stjórnvöld lögbundnu hlutverki sínu sem felst í að tryggja aðgengi ungs fólks að fjölbreyttu ungmennastarfi?*

Niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að *stjórnvöld sinna ekki lögbundinni skyldu sinni heldur ýta undir einsleitni í ungmennastarfi*. Kemur það bersýnilega í ljós þegar litið er á það ójafnræði sem ríkir í fjárúthlutunum stjórnvalda og þá staðreynd að einungis þrjú félög eru þiggjendur meirihluta þess sem úthlutað er til málaflokksins. Þegar litið er á alþjóðlegar skilgreiningar, sögulegt samhengi og samanburð við nágrennaríki Íslands eru vísbendingar um að niðurstaðan orsakist af stefnuleysi stjórnvalda þar sem ríkisfjárlát byggja hvorki á stefnu né lögum. Til nánari útskýringa er hér gert grein fyrir þessari meginniðurstöðu sem skiptist í: (1) ójafnræði í fjárútlátum og (2) stefnuleysi stjórnvalda.



6.1. Ójafnræði í fjárútlátum

Markmið rannsóknarinnar fólst m.a. í að kanna hvort og þá hvernig staðan hafi breyst frá árinu 2012 þegar LUF gaf út *Samantekt á fjárútlátum ríkisins til æskulýðsmála og staðan í málaflokknum*. Nú er ljóst að ráðstafanir ríkisfjárúthlutana hefur nánast staðið í stað. Samantektin sýndi að 85% ríkisfjárúthlutana á tímabilinu 2000-2006 runnu til aðildarfélaganna ÆV: UMFÍ, BÍS OG KFUM og KFUK. Raunar virðist ójafnræðið vera að aukast þar sem að árið 2016 fengu þessi þrjú félög 91% af heildarúthlutunum til málaflokksins. Fjárlög 2020 og fjárlagafrumvarp 2021 benda einnig til að lítið hafi breyst.

Í samantekt LUF frá árinu 2012 var lýst yfir áhyggjum af stöðu mála sem talin var geta leitt til þess að ungmennafélög þyrftu að draga úr starfsemi sinni og jafnvel leggja niður skrifstofur félaganna á næstu árum. Áhyggjurnar áttu við rök að styðjast því frá því að samantektin var unnin hefur rekstrarumhverfið leitt til þess að nokkur ungmennafélög hafa þurft að draga úr starfsgildum á skrifstofum sínum og að minnsta kosti þrjú félög hafa lagt starfsemi sína alfarið niður.

Forgangsröðun ríkisfjárútláta hefur tryggt félögum ÆV trausta innviðauppbyggingu, sér í lagi öruggan rekstur skrifstofu og samkeppnishæft starfsfólk með þekkingu á stjórnsýslu og styrktarkerfum. Þau félög sem mest fá síðan mögulega einhverjar viðbótatekjur, hlýtur UMFÍ t.d. hluta af getrauna- og lottótekjum. Það forskot kemur einkum í ljós þegar lítið er á hlutfallslega skiptingu verkefnisstyrkja úr samkeppnissjóði ríkisins, Æskulýðssjóð, þar sem sömu félög hafa einnig hlotið meirihluta verkefnastyrkja, eða 52% á tímabilinu 2008-2020.

Fjárúthlutanir hins opinbera tryggir aðeinsþremur rótgrónum félögum sem sinna starfssemi fyrir börn og ungmenni í skipulögðu æskulýðs- og íþróttastarfi viðunandi rekstrargrundvöll. Tryggja því stjórnvöld ekki aðgengi fyrir ungt fólk að fjölbreyttu ungmennastarfi. Önnur ungmennafélög hafa orðið verulega undir í málaflokknum með sáralitlum fjárstuðningi frá hinu opinbera. Gríðarlegt ógagnsæi er í fjárframlögum til málaflokksins, en ef marka má þau gögn sem fyrir liggja fengu öll önnur ungmennafélög minna en 9% samanlagt árið 2016 af heildarframlögum ríkisins. Fyrirliggjandi gögn gefa vísbendingu um að hlutfallið hafi lítið breyst.

Þetta ójafnræði í fjárúthlutunum kemur í veg fyrir nýsköpun, framþróun í geiranum og stofnun nýrra félaga. Skortur á tekjum ungmennafélaga og óvissa í rekstri kemur í veg fyrir að þau geti sinnt tilgangi sínum, byggt upp innviði, eflt starfsemi og uppfyllt þær lagaskyldur sem lagðar eru á félög sem sinna starfsemi fyrir börn og ungmenni.

Þetta á sérstaklega við um félög sem spretta alfarið upp af frumkvæði ungs fólks, þ.e.a.s. félög sem hafa enga móðurhreyfingu og því ekki tryggan tekjustofn. Slík ungmennafélög reiða sig nú eingöngu á starfi sjálfboðaliða, fjáraflanir og óreglulega verkefnastyrki. Rekstrarumhverfið hefur neikvæð áhrif á starfsemi félaganna og gerir þau sérstaklega viðkvæm fyrir óvæntum áföllum. Þetta sýndi sig í áhrifum sem útbreiðsla heimsfaraldursins Covid-19 hefur haft, en fjöldi féлага hefur orðið af tekjum vegna viðburðahalds, alþjóðlegra skuldbindinga og fleira. Nánast ómögulegt er að halda starfsfólki í vinnu hjá mörgum félaganna, á meðan verkefnin sem fengist hefur fjármagn fyrir launakostnaði, hafa verið sett á bið. Ástandið hefur tvímæla- laust verst áhrif á þau félög sem hafa í áraraðir búið við óvissu í rekstri sem leitt hefur til þess að félögin hafa ekki haft fjárhagslega burði til að halda úti starfsfólki. Á meðan langtímaáhrif Covid-19 á ungmennastarf gætu orðið að verulegum skaða hefur ríkisstjórnin skorið niður framlög til málaflokksins um 13% skv. fjárlögum 2021, ef ekkert verður aðhafst er hætta á varanlegum skaða.

Tillaga að úrbótum: Að mati LUF ættu stjórnvöld taka upp hlutlaust kerfi að norrænni fyrirmynd þar sem öll ungmennafélög samkvæmt skilgreiningum alþjóðlegra stofnanna, að uppfylltum ákveðnum kröfum, fái fjármagn í hlutfalli við félagafjölda og eigi kost á að byggja upp starf sitt á framsýnni hugsun. Mikilvægt er að einnig verði tekið tillit til alþjóðlegra viðmiða. Slíkt fyrirkomulag ætti að hafa það að markmiði að mynda jákvæða hvata til framþróunar í geiranum.

6.2. Stefnulaust ungmennastarf

Á Íslandi fellur barna- og ungmennastarf undir málaflokkinn „æskulýðsmál“ sem heyrir undir æskulýðslög. Einnig virðist það sem svo að íþróttastarf falli undir hatt æskulýðsstarfs, þrátt fyrir að skýrt komi fram í greinargerð með frumvarpi að lögunum var ekki ætlað að taka til íþróttastarfs.

Stefnumótun Æskulýðsráðs ríkisins í „æskulýðsmálum,“ sem gefin var út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og var í gildi 2014-2018, bar ekki tilætlaðan árangur. Eitt meginmarkmið stefnunnar var að tryggja að ríkisfjárútlát til málaflokksins og að gæta jafnræðis við fjárúthlutanir. Lítið hefur þokast áfram í átt að markmiðum þeirrar stefnu, þar sem fjárstuðningur til málaflokksins hefur dregist saman að frá árinu 2004, ríkisútgjöld hafa jafnframt aukist að raunvirðiog mikið ójafnræði ríkir í skiptingu fjárúthlutana. Skýtur þetta stoðum undir kröfu LUF sem fram kom í samantekt frá árinu 2012, þar segir að: „aðskilja verði umræðu með börnum annars vegar og ungmennum hins vegar - til þess að lög, reglugerðir og fjármögnun í málaflokki ungmennastarfs endurspegli betur raunveruleika barna og ungmenna út frá þörfum hvers hóps fyrir sig“ (Sindri o.fl., 2012).



Nauðsyn þessarar kröfu hefur staðist tímans tönn sökum þess að reglugerðir og lagarammi þjóna hvorki stjórnvöldum né ungmennafélögum, þar sem stjórnvöld sinna ekki lögbundinni skyldu sinni sem felst í að tryggja aðgengi ungs fólks að fjölbreyttu ungmennastarfi.

Stefna í æskulýðsmálum og æskulýðslög hafa ekki borið tilskyldan árangur heldur hefur aðgerðarleysi ýtt undir samstöðuleysi innan málaflokksins. Skortur á stefnu sendir ungu fólki þau skilaboð að mikilvægi ungmennastarfs sé neðarlega í forgangsröðun stjórnvalda sem er ólíkt því sem þekkist innan flestra aðildarríkja SP. Þvert á móti viðurkenna alþjóðlegar stofnanir ungmennastarf sem lið í uppbyggingu borgarasamfélagsins og almannaheill sem leiðir af sér efnahagslegan ávinning í formi aukinnar velferðar.

Ísland er eitt fárra aðildarríkja sem ekki hefur sett sér svokallaða ungmennastefnu, þrátt fyrir að SP hafi beitt þrýstingi með ályktun SP frá árinu 1996. Hlutverk ungmennafélaga í slíkri stefnumótun er heldur ekki lögbundin í samræmi við tilmæli Evrópuráðsins. Ljóst er að þörf er á róttækum aðgerðum til þess að stjórnvöld geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart ungu fólki og alþjóðlegum stofnunum.

Tillaga að úrbótum: Að mati LUF ættu stjórnvöld að setja endurskoðun á æskulýðslögum nr. 70/2007 í forgang áður en lagður er grunnur að ungmennastefnu - heildstæðri landsstefnu í málefnum ungs fólks (e. National Youth Policy). Framfylgja þarf tilmælum, Rec(2006)1, ráðherranefndar Evrópuráðsins um að viðurkenna LUF sem „National Youth Council“ í þróun ungmennastefnu með lögfestingu. Ungmennastefnan verður að taka mið af skýrum lagaramma, byggja á alþjóðlegum skilgreiningum og unnin samkvæmt leiðarvísi í heimsdagskrá SP um aðgerðir fyrir ungt fólk. Þessar aðgerðir eru nauðsynlegar svo Ísland gangist að fullu við alþjóðlegum skuldbindingum og skilgreini vettvanginn í samræmi við alþjóðleg viðmið.

Lokaorð

Staða ungmennageirans á Íslandi hefur lítið breyst frá árinu 2012, þegar samantekt LUF var gefin út og sýndi að 85% af öllum fjárstuðningi ríkisins til mála-flokksins hafði verið úthlutað til þriggja félaga. Þær áhyggjur af þróun mála sem LUF og aðildarfélög þess lýstu yfir árið 2012 um að félögin þyrftu að draga úr starfsemi sinni og jafnvel leggja niður skrifstofur, átti við rök að styðjast og hafa að minnsta kosti þrjú félög lagt starfsemi sína niður. Afleiðing stefnuleysis hins opin-bera í málefnum ungs fólks birtist einnig í samkeppni ungmennafélaga um ríkis-fjármagn við rótgróin félög sem sinna íþrótt- og æskulýðsstarfi fyrir börn og eru þegar með fjárhagslega yfirburði. Með þessu móti ýta stjórnvöld undir einsleitni í ungmennastarfi og *sinna því ekki lögbundinni skyldu sinni sem felst í að tryggja aðgengi ungs fólks að fjölbreyttu ungmennastarfi.*

Enn fremur skýtur þessi stöðnun sterkari stoðum undir kröfu sem gerð var í samantekt LUF árið 2012. Þá var kallað eftir heildstæðum lagabálk og heildstæðri stefnu í málaflokknum sem tekur tillit til ólíkra þarfa barna og ungmenna sem og styður við báða hópa á fullnægjandi og sanngjarnan hátt. Nú átta árum síðar, er þetta enn eitt helsta baráttumál LUF sem sýnir að stjórnvöld hafa dregið það of lengi að bregðast við þróuninni í málaflokknum. Raunveruleg hætta virðist vera á að ungmennastarf fari að hnigna enn meira á næstu árum ef ekkert verður aðhafst.

Það verður snúa blaðinu við og hámarka þau samfélagslegu verðmæti sem ungmennastarf getur leitt af sér. Til þess er nauðsynlegt að endurskoða lagabálk og regluverk í samræmi við alþjóðleg viðmið og í samráði við ungt fólk - til að unnt sé að móta heildstæða landsstefnu sem endurspeglar þarfir og framtíðarsýn ungs fólks. Skýr stefna getur haft hvetjandi áhrif á ungmennastarf, ýtt undir jákvæða þróun í málaflokknum og bætt samstöðu. Samráð við ungt fólk við gerð stefnunnar er lykilforsenda þess að ungmennafélög blómstri og ekki síður forsenda þess að stjórnvöld geti staðið við skuldbindingar sínar um að tryggja aðgengi ungs fólks að fjölbreyttu ungmennastarfi. Þó svo að Ísland sé eftirbátur þeirra ríkja sem við viljum bera okkur saman við er þó tilefni til bjartsýni ef marka má áform stjórnvalda um aukna áherslu á málefni ungs fólks. Með því má finna fyrir auknum vilja stjórnvalda til samráðs við ungt fólk og ákveðna vitundarvakningu um nauðsyn þess.



Heimildaskrá

- Allianssi. (e.d.). Allianssi Pahkinankuress. Sótt af <https://www.alli.fi/allianssi/allianssi-pahkinankuressa/english>
- Bandalag íslenskra skáta. (e.d.). Skátafélög eftir bæjarfélögum og hverfum. Sótt af <https://skatarnir.is/finna-skatafelag/>
- Council of Europe og ESB. (2018). Youth organisations and youth programmes. Sótt af <https://pjp-eu.coe.int/en/web/youth-partnership/youth-organisations-and-youth-programmes>
- Council of Europe. (2006). Recommendation Rec(2006)1 of the Committee of Ministers to member states on the role of national youth councils in youth policy development. Sótt af https://search.coe.int/cm/Pages/result_details.aspx?ObjectID=09000016805d-8caa
- DUF. (e.d.). About DUF. Sótt af <https://en.duf.dk/about-duf/>
- Erasmus+. (e.d.). Jöfn tækifæri í Erasmus+. Sótt af <https://www.erasmusplus.is/aeskulydsstarf/erasmus-fyrir-alla>
- European Youth Forum. (e.d.). About our Members. Sótt af <https://www.youthforum.org/about-our-members>
- European Youth Forum. (e.d.). Youth Policy. Sótt af <https://www.youthforum.org/youth-policy>
- European Youth Forum. (2018, 22. maí). EU Youth Strategy: A promising plan for Europe. Sótt af <https://www.youthforum.org/eu-youth-strategy-promising-plan-europes-youth>
- European Youth Forum. (2014, 22. nóvember). YOUTH WORK IN THE EUROPEAN YOUTH FORUM AND YOUTH ORGANISATIONS. Sótt af <https://www.youthforum.org/sites/default/files/publication-pdfs/PP-Youth-Work.pdf?fbclid=IwAR2aUu4fVLwcJ7c8XlMZ5tr6ese4O-2wdpOrPWEGuYI-YmyhS4QnYocWBci0>
- European Youth Forum. (2014). EVERYTHING YOU ALWAYS WANTED TO KNOW ABOUT NATIONAL YOUTH COUNCILS. Sótt af https://jrd.lt/informacija-dirbantiems-su-jaunimu/metodiniai-leidiniai/el-biblioteka/2014_m_everything_you_always_wanted_to_know.pdf
- Evrópska ungmennagáttin. (2013, 17. maí). Æskulýðsvettvangurinn. Sótt af https://europa.eu/youth/is/article/50/4224_is?language=en
- Fjársýsla ríkisins. (2004-2016). Ríkisreikningur árið 2004 - 2016, 2004-2016. <https://www.fjs.is/utgefid-efni/rikisreikningur/>



European Youth Forum. (2014). EVERYTHING YOU ALWAYS WANTED TO KNOW ABOUT NATIONAL YOUTH COUNCILS. Sótt af

https://jrd.lt/informacija-dirbantiems-su-jaunimu/metodiniai-leidiniai/el-biblioteka/2014_m_everything_you_always_wanted_to_know.pdf

Evrópska ungmennagáttin. (2013, 17. maí). Æskulýðsvettvangurinn. Sótt af

https://europa.eu/youth/is/article/50/4224_is?language=en

Fjársýsla ríkisins. (2004-2016). Ríkisreikningur árið 2004 - 2016, 2004-2016.

<https://www.fjs.is/utgefid-efni/rikisreikningur/>

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020, lög nr. 133. (2019).

<https://www.althingi.is/altext/pdf/150/s/0001.pdf>

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021, lög nr. 158. (2020).

<https://www.althingi.is/altext/pdf/151/s/0001.pdf>

Hannes Hólmsteinn Gissurarson. (2009). Tveir menn við múrinn. Þjóðmál, 5(2), 47-52.

Holtom, D., Watkins J. og Siladi, S. (2016). Study on the social value of youth organisation. Sótt af

https://www.youthforum.org/sites/default/files/publication-pdfs/YFJ_StudyOnTheSocialValueOfYouthOrganisations_1P1.pdf

Hörður Gunnarsson. (2008, 20. ágúst). Stofnun Æskulýðssambands Íslands fyrir 50 árum. Morgunblaðið. Sótt af

<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1236841/>

International Journal Adolescence and Youth. (2020, 10. apríl). Democratic practices and youth in political participation: a doctoral study. Sótt af

<https://www.tandfonline.com/doi/pdf/10.1080/02673843.2020.1746676?need-Access=true>

Landssamband ungmennafélaga. (2021, 26. janúar). Umsögn Landssamband ungmennafélaga um drög að stefnu um félags- og tómstundastarf 2020-2030. Sótt af

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2872&uid=6e630f2c-7c61-eb11-9b9f-005056bce7e&fbclid=IwAR0ndbmYE9wwVh6YVWzN2_7S8akawLNfzKWpqyVp-6iHPJfBTfD1ks3NnI](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2872&uid=6e630f2c-7c61-eb11-9b9f-005056bce7e&fbclid=IwAR0ndbmYE9wwVh6YVWzN2_7S8akawLNfzKWpqyVp-6iHPJfBTfD1ks3NnI)

Landssamband ungmennafélaga. (2020, 19. október). Umsögn LUF um frumvarp til fjárlaga 2021 (1. mál) og tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025 (2. mál). Sótt af

https://www.althingi.is/altext/erindi/151/151-73.pdf?fbclid=IwAR1-Xv_oo-Moghgv4YubI0oDNelxjXp-Om64ag1GQN4qnbLHOLF1vadwggwQ

Landssamband ungmennafélaga. (2020, 29. febrúar). Ársskýrsla LUF. LUF. Sótt af

https://issuu.com/youthcounciliceland/docs/pdf_skjal_-_a_rssky_rsla_luf_2019__1_-_compressed

Landssamband ungmennafélaga. (2020). Framkvæmdaáætlun stjórnar 2020-2021. Sótt af

<https://luf.is/wp-content/uploads/2020/08/Framkv%C3%A6mdaa%C-C%81%C3%A6tlun-stjo%CC%8lrnar-2020-2021.pdf>

Landssamband ungmennafélaga. (2020). Lög LUF. Sótt af

<https://luf.is/wp-content/uploads/2020/06/Lo%CC%88g-LUF-29.02.2020.pdf>



- Landssamband ungmennafélaga. (2019). Aðalbjörg félagi ársins. Sótt af <https://luf.is/adalbjorg-felagi-arsins-2019/>
- Landssamband Ungmennafélaga. (2019). Ársskýrsla LUF. Sótt af https://issuu.com/youthcounciliceland/docs/pdf_skjal_-_a_rssky_rsla_luf_2019__1_-compressed
- Landssamband ungmennafélaga. (2018). Stefna LUF. Sótt af <https://luf.is/wp-content/uploads/2020/06/Lo%CC%88g-LUF-29.02.2020.pdf>
- Landssamband ungmennafélaga. (2017, 25. febrúar). Fundargerð sambandsþings Landsambands ungmennafélaga 2017. Sótt af <https://luf.is/wp-content/uploads/2018/02/Fundarger%C3%B0-sambands%C3%BEings-2017.pdf>
- LNU. (e.d.). The Norwegian Children and Youth Council. Sótt af <https://www.lnu.no/english/>
- Lög Slysavarnarfélagssins Landabjargar. (e.d.) Sótt af <https://www.landsbjorg.is/felagid/um-felagid/log-felagsins>
- Lög um getraunir nr. 59 (1972). <https://www.althingi.is/lagasafn/pdf/151a/1972059.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2021, 7. janúar). Drög að stefnu um félags og tómstundastarf. Sótt af [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2872](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2872)
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). Stefnumótun í æskulýðsmálum 2014-2018. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir2015/stefnumotun-i-aeskulydsmalum2014.pdf>
- Rannís. (e.d.). Æskulýðssjóður. Sótt af <https://www.rannis.is/sjodir/aesku-ithrotta/aeskulydssjodur/>
- Regeringskansilet. (2020, 10. september). Regeringen satsar på barn- och ungdomsorganisationer i krisen. Sótt af <https://www.regeringen.se/pressmeddelanden/2020/09/regeringen-satsar-pa-barn--och-ungdomsorganisationer-i-krisen/?fbclid=I-wAR0mBnSmFaD3CGnbc-VLTm-rXe625XGUjcFEGYnMqOdcahDFA30iO-aewlf8>
- Sameinuðu þjóðirnar. (e.d.). Formulate national youth policies. Sótt af <https://www.un.org/development/desa/youth/what-we-do/what-can-you-do/formulate-national-youth-policies.html>
- Sameinuðu þjóðirnar. (1996, 13. mars). A/RES/50/81. Sótt af <https://undocs.org/A/RES/50/81>
- Sameinuðu þjóðirnar. (2013). Definition of youth. Sótt af <https://www.un.org/esa/socdev/documents/youth/fact-sheets/youth-definition.pdf>

- Sameinuðu þjóðirnar. (2020). United Nations Youth Associations. Sótt af <https://www.un.org/development/desa/youth/what-we-do/what-can-you-do/unya.html>
- Samfés. (e.d). Aðildarfélagar. Sótt af <https://www.samfes.is/samfes/samfes/adildarfelagar>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014-2020). Samningar á sviði menningarmála. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menningarmal/samningar-a-svidi-menningarmala-/?fbclid=IwAR2pDBYO6XZHozy6rwUasGGR-renU-4yBsa367Kzxy0xKa6jp0g8l04ltoME>
- Sindri Snær Einarsson. Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, Heiða Karen Sæbergsdóttir og Viktor Orri Valgarðsson. (2012). Samantekt á fjárútlátum ríkisins til æskulýðsmála & staðan í mála-flokknum. Sótt af <https://luf.is/wp-content/uploads/2018/02/Samantekt-%C3%A1-fj%C3%A1r%C3%BAtl%C3%A1tum-r%C3%AD-kisins-til-%C3%A6skul%C3%BD%C3%B0sm%C3%A-lla-sta%C3%B0an-%C3%AD-m%C3%A1laflokknum-1.pdf>
- Souto-Otero, M., Ulicna, D., Schaepkens, L. og Bogнар, V. (2012). Study of the impact of non-formal education in youth organisations on young people's employability. Brussel. European Youth Forum.
- Tinna Isebarn og Hildur Björgvinsdóttir. (2017). #Égkýs - skýrsla um lýðræðisátakið 2016. Sótt af <http://egkys.is/wp-content/uploads/2017/09/lokaskrsla-gks.pdf>
- Ungmennafélag Íslands. (e.d.). Sambandsaðilar. Sótt af <https://www.umfi.is/um-umfi/sambandsadilar/>
- Ungmennafélag Íslands. (2019). Lög Ungmennafélags Íslands. Sótt af <https://www.umfi.is/um-umfi/log-reglugerdir-og-vidurkenningar/log-ungmennafelags-islands/>
- Upplýsingalög nr. 140. (2012). <https://www.althingi.is/lagasafn/pdf/151a/2012140.pdf>.
- Youth Policy. (e.d). National Youth Policy Overview. Sótt af <https://www.youthpolicy.org/nationalyouthpolicies/>
- Þingskjal nr. 460. (2006-2007). Frumvarp til æskulýðslaga. <https://www.althingi.is/altext/pdf/133/s/0460.pdf>.
- Þingskjal nr. 1260. (2015-2016). Úthlutanir á fjárlögum til æskulýðsfélaga. <https://www.althingi.is/altext/pdf/145/s/1260.pdf>.
- Þingskjal nr. 155. (2018-2019). Tillaga til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. <https://www.althingi.is/altext/pdf/149/s/0155.pdf>.
- Æskulýðslög nr. 70 (2007). <https://www.althingi.is/lagasafn/pdf/151a/2007070.pdf>.



Æskulýðsvettvangurinn. (e.d.). Um Æskulýðsvettvanginn. Sótt af <https://aev.is/um-aeskulydsvettvanginn>

Æskulýðsvettvangurinn. (2019, 14. janúar). Umsögn um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-3205.pdf>

Æskulýðsvettvangurinn. (2017, 26. apríl). Samþykktir Æskulýðsvettvangsins. Sótt af https://uploads-ssl.webflow.com/5e9fc8537485074d5f271472/5eald44ec6b-4c1d04041ebf3_Sam%C3%BEykkir%20%C3%86skuly%CC%81%C3%B0svettvangsins%202017.pdf

World Bank. (2010, ágúst). Investing in your country's children and youth today: Good policy, smart economics. Sótt af https://youtheconomicopportunities.org/sites/default/files/uploads/resource/Note-Investing_Countrys_CY_Aug_2010.pdf



